

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Hagnýt menningarmiðlun

Maður á mann

*Heimildamynd um miðlunarleiðir á byggðasöfnum og
sögusýningum*

Ritgerð til MA-prófs í Hagnýtri menningarmiðlun

Andri Guðmundsson

Kt.: 2302892639

Leiðbeinandi: Halla Kristín Einarsdóttir

Október 2015

Efnisyfirlit

| | |
|--|----|
| Inngangur | 5 |
| Söfn, setur og sýningar..... | 6 |
| Miðlunarleiðir á byggðasöfnum og sögusýningum..... | 8 |
| <i>Munir, textar og kyrrstæð miðlun</i> | 8 |
| Textar | 8 |
| Munir..... | 9 |
| Grafísk miðlun, ljósmyndir og líkön | 10 |
| Endurgerðar byggingar og endursköpuð rými..... | 10 |
| Gínur..... | 11 |
| <i>Gagnvirkni</i> | 12 |
| Hljóðleiðsagnir | 12 |
| Húsdýr | 13 |
| Leikarar og endursköpun á fortíðinni..... | 13 |
| Margmiðlunar- og tölvutækni | 13 |
| Persónuleg leiðsögn..... | 14 |
| <i>Skoðanakönnun</i> | 15 |
| Heimildamyndir | 18 |
| <i>Kenningar Bill Nichols</i> | 20 |
| <i>Heimildamyndagerð á Íslandi</i> | 25 |
| <i>Þróun og byltningar í kvikmyndagerð</i> | 26 |
| <i>Siðferðislegar vangaveltur</i> | 27 |
| <i>Heimildamyndin sem miðlunarleið</i> | 28 |
| Vinnuferli | 30 |
| <i>Aðdragandi og rannsókn</i> | 30 |
| <i>Upptaka</i> | 32 |
| <i>Eftirvinnsla</i> | 39 |
| <i>Útgáfa og dreifing</i> | 41 |
| Niðurlag..... | 42 |
| Heimildaskrá | 44 |
| Viðaukar | 47 |
| <i>Viðauki I</i> | 47 |
| <i>Viðauki II</i> | 55 |
| <i>Viðauki III</i> | 60 |
| <i>Viðauki IV</i> | 62 |

Útdráttur

Þessi greinagerð er hluti af lokaverkefni mínu í hagnýtri menningarmiðlun við Háskóla Íslands vorið og sumarið 2015. Lokaverkefnið mitt er heimildamynd um hvernig þekkingu er miðlað á byggðasöfnum og sögusýningum með áherslu á persónulega leiðsögn. Markmið myndarinnar var að kanna hvernig þekkingu er miðlað á slíkum stofnunum og hvort persónuleg leiðsögn hefði einhverja yfirburði yfir aðrar miðlunarleiðir. Verkefnið var unnið undir leiðsögn Höllu Kristínar Einarsdóttur sem er aðjúnkt við hagnýta menningarmiðlun.

Greinagerðin skiptist í tvo fræðilega kafla og skýrslu um vinnuferlið. Fyrri kaflinn fjallar um söfn, setur og sýningar og allar helstu miðlunarleiðir á slíkum stofnunum í ljósi kosta og galla. Í þeim kafla er einnig fjallað um skoðanakönnun sem ég sendi út en markmið hennar var að kanna hvaða miðlunarleið fólk myndi kjósa á slíkum stofnunum ef það væri valfrjálst. Seinni kaflinn fjallar um heimildamyndir í sögulegu samhengi og fræðilegri nálgun á þróun þeirra frá því að þær fóru að birtast á hvíta tjaldinu. Í þeim kafla fjalla ég um upphaf heimildamynda og helstu kenningar um þær meðal annars frá Bill Nichols. Þar fjalla ég einnig um þróun og byltingar í heimildamyndagerð, heimildamyndagerð á Íslandi, siðferðislegar vangaveltur varðandi heimildamyndagerð og loks um heimildamyndir sem miðlunarleið. Við gerð myndarinnar, bæði í upptöku og eftirvinnslu, hélt ég dagbók um vinnuferlið sem er lokakaflinn í þessari greinagerð. Hann fjallar um aðdraganda verkefnisins og hvernig það tók stakkaskiptum í gegnum allt ferlið, bæði í upptöku og eftirvinnslu.

Þakkarorð

Ég vil þakka leiðbeinenda mínum Höllu Kristínu Einarsdóttir fyrir að hafa gefið mér svigrúm til að læra og fikra mig áfram í kvikmyndagerðarlistinni ásamt góðri leiðsögn í gegnum allt ferlið. Ég vil þakka viðmælendum mínum: Birni Péturssyni, Douglas Carr, Jón Páli Björnssyni, Sigurlaugi Ingólfssyni, Tinnu Kvaran og loks Þórði Tómassyni. Án hjálps þeirra væri þetta ómögulegt. Einnig vil ég þakka Antoni Sturlu Antonssyni fyrir alla aðstoðina sem hann veitti mér á tökustað og Jens Kristinssyni og Sverri Magnússyni fyrir ljósmyndir sem þeir leyfðu mér að nota. Loks vil ég þakka Sigrúnu Þóru Sveinsdóttur fyrir yfirlestur á greinagerðinni og stuðningi í gegnum allt ferlið.

Inngangur

Það er krefjandi að gera heimildamynd sem lokaverkefni en ég ákvað samt að kýla á það. Ég vildi frekar gera heimildamynd í stað útvarpsþáttar, vefsíðu eða öðru sem deildin bauð upp á í lokaverkefnum vegna þess að ég hef alltaf haft áhuga á heimildamyndum og að gera eina slíka vakti strax upp áhuga hjá mér. Í upphafi hafði ég litla sem enga kunnáttu á upptökuvélum og klippingu en lærði fyrir vikið heilmargt í þeirri miðlunarleið sem mun vonandi nýtast mér í framtíðinni. Áður en ég hófst handa í verkefninu sótti ég um styrk hjá Bandalagi Háskólamanna upp á 30 þúsund krónur til að kaupa mér nýjan utánaliggjandi harðan disk til að geyma upptökuefnið á. Ég fékk styrkinn og það var hvatning til að hefjast handa.

Heimildamyndin mín fjallar um það hvernig þekkingu er miðlað á byggðasöfnum og sögusýningum með áherslu á persónulegar leiðsagnir á slíkum stofnunum. Rannsóknarspurningin mín í þessu verkefni var að kanna hvort persónulegar leiðsagnir hafa einhverja yfirburði yfir aðrar miðlunarleiðir og finna út hvaða miðlunarleið fólk kysi ef það væri valfrjálst og ástæðuna fyrir því. Í myndinni tók ég viðtöl við fimm ólíka einstaklinga sem vinna á þremur mismunandi byggðasöfnum og einni sögusýningu. Ég reyndi að velja viðmælendur mína frá stofnunum sem hafa mismunandi aðferðir í miðlun til að fá sem víðasta sjónarhorn á viðfangsefnið. Ég tók einnig viðtal við einn erlendan ferðamann og upplifun hans á íslenski safnamenningu. Myndin mín er um 24 mínútur að lengd og skiptist í fjóra kafla, þeir eru: *Hljóðleiðsagnir*, *Endursköpun á fortíðinni*, *Leiðsagnir* og loks *Skoðanakönnun*. Í hverjum kafla fyrir sig fer ég í gegnum kosti og galla við hverja miðlunarleið og reyni að gæta hlutlægni í gegnum allt ferlið.

Lokaverkefnið mitt skiptist í heimildamyndina og þessa greinagerð um hana. Greinagerðin skiptist í tvo fræðilega kafla og skýrslu sem er mest unnin upp úr dagbók sem ég hélt í gegnum ferlið. Fyrsti fræðilegi kaflinn fjallar um söfn, setur og sýningar og upphaf þeirra og hvaða tilgangi slíkar stofnanir þjóna í samfélaginu ásamt því að skoða hvernig þessar stofnanir miðla þekkingu. Seinni fræðilegi kaflinn fjallar um heimildamyndir, upphaf þeirra og þróun í sögulegu samhengi út frá kenningum fræðimanna. Loks læt ég fylgja með viðauka sem tengist vinnuferli myndarinnar. Í viðauka I er upprunalegt upptökuhandrit sem ég gerði fyrir tókurnar og þar er hægt að sjá hvernig myndin þróaðist í gegnum ferlið. Í viðauka II má finna afsöl þeirra sem léðu rödd sína í myndinni. Í viðauka III má finna skoðanakönnunina sem ég sendi út og loks í viðauka IV má sjá upphaflegt Gantt rit sem ég gerði til að henda reiður á vinnuferlið áður en ég hófst handa. Það breyttist auðvitað mikið eins og við mátti búast.

Söfn, setur og sýningar

Söfn varðveita sögu, menningu, vonir og drauma fólksins í heiminum. Söfn á því formi sem við þekkjum í samtímanum er tiltölulega ný hugmyndafræði en varðveisla á mikilvægum munum er vel þekkt fyrirbæri í gegnum söguna. Til dæmis í Indlandi til forna voru sérstakir staðir sem nefndust *Chitrashalas* og í þeim voru geymd málverk og skúlptúrar. Slíkir staðir voru bæði til afþreyingar og til að afla sér þekkingar. Þar var hægt að læra um sögu, trúarbragðafræði og list, líkt og þekkest í samtímanum. Í Asíu voru musteri sem sáu um forvörslu á verðmætum munum og í Evrópu sáu kirkjurnar yfirleitt um það hlutverk. Það var ekki fyrr en á síðari hluta 17. aldar þegar orðið *museum* eða *safn* var fyrst notað yfir undarlega, fágæta og/eða framandi hluti. Orðið var fyrst notað þegar Bretinn Elias Ashmole gaf Oxford háskóla samtíning af munum sem hann hafði safnað árið 1682.¹

Söfn geta átt mikilvægan þátt í að veita skilning á sjálfsmynd og/eða skapa sameiginlega ímynd fyrir stað eða samfélag. Íslendingar þekkja þetta vel og fjölmörg byggðasöfn spruttu hér upp um miðja 20. öldina í kringum örar þjóðfélagsbreytingar. Markmiðið með þessum byggðasöfnum var að vernda gömlu íslensku þjóð- og bændamenninguna frá eyðingu. Starf safna er einnig að tengja fortíðina við samtímann og það er nauðsynlegt þegar fólk hefur misst tenginguna við uppruna sinn. Sú kynslóð sem ólst upp við gömlu bændamenninguna á Íslandi er að hverfa og Íslendingar í samtímanum standa kannski jafnir að vígi og erlendir ferðamenn þegar þeir koma á byggðasöfn. Þess vegna er mikilvægt að söfn varðveiti þessa muni og minningar um fortíðina. Það er einnig mikilvægt að geta fundið tenginguna við fortíðina á safni. Það dýpkar vitund fólks að sjá munina eins og þeir voru notaðir með berum augum heldur en að lesa einungis um þá.²

Ísland hefur þrjú höfuðsöfn og fjölmörg önnur viðurkennd söfn ásamt sýningum og setrum. Höfuðsöfn Íslands eru Listasafn Íslands, Náttúruminjasafn Íslands og Þjóðminjasafn Íslands. Ásamt þeim eru rúmlega 50 önnur söfn víðsvegar um landið sem hafa fengið viðurkenningu frá safnaráði og hafa réttindi til að kalla sig söfn. Ef setur og sýningar eru tekin með í þessa tölu þá hækkar hún upp í rúmlega 150 stofnanir. Munurinn á safni og setrum og sýningum er að söfn þurfa að uppfylla ákveðnar kröfur um söfnum, skráningu, varðveislu ásamt rannsóknum. Stofnanir sem standast þessar kröfur hafa síðan tækifæri á því að sækja um styrk úr safnasjóð og hafa réttindi á að kalla sig söfn. Setur og sýningar hafa ekki möguleikann á því að sækja um styrk í safnasjóð en bera aftur á móti ekki sömu skyldur og

¹ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 8.

² Black, *Embedding Civil Engagement in Museums*, 268; Eggert Þór Bernharðsson, *Miðlun sögu á sýningum*, 29-30.

viðurkennd söfn gera. Setur og sýningar hafa fyrir vikið mun frjálsari hendur í uppsetningu og miðlun og geta fjallað um mun sérhæfðari atburði eða tímabil í sögunni. Til dæmis má nefna Landnámssýninguna við Aðalstræti í Reykjavík, hún miðlar mjög sérhæfðu tímabili í Íslandssögunni og einblínir nánast eingöngu á landnám Reykjavíkur.³

Ferðamannaiðnaðurinn á Íslandi stækkar ört og búist er við að árið 2015 komi rúmlega milljón ferðamenn og 1,2 milljónir árið 2016. Fyrir þá ferðamenn sem lögðu leið sína ekki einungis til Íslands til að skoða náttúrufegurð gegna söfn, setur og sýningar lykilhlutverki í ferðaþjónustu. Erlendir ferðamenn eru einnig einn fjölmennasti hópurinn sem kemur á íslensk söfn og því er nauðsynlegt að þekkja fræðilegan bakgrunn hans áður en efninu er miðlað.⁴

³ Björn G. Björnsson, *Sýningagerð*, 6; Illugi Gunnarsson, *Úthlutunarreglur safnasjóðs*; Safnaráð, *Listi yfir viðurkennd söfn á Íslandi*.

⁴ Eggert Þór Bernharðsson, *Miðlun sögu á sýningum*, 15; Vefsvæði Landsbankans, *Er vöxtur í ferðaþjónustu sjálfsagður?*

Miðlunarleiðir á byggðasöfnum og sögusýningum

Um miðja 20. öldina varð mikill vöxtur í stofnun byggðasafna á Íslandi og á síðustu 10-20 árum hefur einnig verið mikill uppgangur í setrum og sýningum. Það er þó ekki hægt að segja að miðlunarleiðir á þessum stofnunum séu jafn fjölbreyttar og þær eru margar. Byggðasöfnin, og þá sérstaklega á landsbyggðinni, einkennast af því að mörgum munum er raðað upp á vegg og settur skýringarmiði undir muninn. Oft einkennast skýringamiðarnir að því að sagt er hvaðan munurinn kom, hver átti hann og frá hvaða tíma en það vantar umfjöllun um að tengja notagildið hans við þekkingu safngestsins. Safngesturinn hefur yfirleitt litla sem enga þekkingu um munina og rekur því upp stór augu þegar hann sér einhvern mun og það stendur kannski *hesputré* á honum. Söfn og sýningar verða að þekkja markhópinn sinn vel og vita hvernig hægt er að vekja áhuga. Það er líka mikilvægt atriði á slíkum skýringarmiðum að tengja það sem sagt er um muninn við eitthvað sem safngesturinn getur samsamað sig við. Ef safnið er ekki í samhengi við þekkingu safngestsins nær hann ekki að upplifa safnið sem skildi. Eggert Þór Bernharðsson fór í safna og sýningarferð um Ísland árið 2002-2003 og heimsótti um það bil 80 söfn, setur og sýningar. Hann fjallaði um einkenni þeirra í grein sinni *Miðlun sögu á sýningum* og gagnrýnir þær meðal annars fyrir einsleita miðlun sem er ekki í takt við þarfir safngestsins. Núna mun ég fjalla um yfir helstu miðlunarleiðir sem söfn og sýningar bjóða upp á og hafa niðurstöður Eggerts til hliðsjónar.⁵

Munir, textar og kyrrstæð miðlun

Ein algengasta miðlunarleið á söfnum og sýningum er samanblanda af kyrrstæðri miðlun (e. *static display*) á borð við muni og texta. Þetta er elsta leið miðlunar á söfnum enda hafa söfn ekki möguleikann á því að vera viðurkennd án muna. Kyrrstæð miðlun hefur marga kosti yfir aðrar miðlunarleiðir og erfitt er að ímynda sér safn eða sýningu án hennar.

Textar

Flestir afla sér þekkingar á söfnum með því að lesa texta og skoða muni. Það þarf þó að passa framsetninguna á þessu formi vegna þess að jafnvel þó að safngesturinn hefur mikinn áhuga á efninu og textinn er snyrtilega uppsettur þá lesa safngestir oft einungis einn tíunda af

⁵ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 150; Eggert Þór Bernharðsson, *Miðlun sögu á sýningum*, 17, 54-56.

heildartexta safnsins. Þetta getur stafað út af því að það er erfitt að lesa texta standandi og á ferðinni eða þá að textarnir eru einfaldlega of langir. Oft reyna byggðasöfn og sögusýningar að bæta upp rýran safnkost með löngum textum en það hefur yfirleitt þveröfug áhrif. Í *Museum Basics* eftir Timothy Ambrose og Crispin Paine, sem talið er eitt grundvallarritið í allri safnavinnu, stendur að texti á kynningarspjöldum ætti ekki að vera lengri en 150 orð en 50 orð er betra. Samkvæmt þeirri bók ættu kynningatextar fyrir kafla eða tímabil á safni ekki að fara yfir 200 orð en betra væri að hafa 50 orð. Þá er best að hafa textaspjöldin í meters til 1,5 meters hæð frá gólfinu til að auðvelt sé að lesa af þeim og best er að hafa dökkan texta á hvítum flet og forðast skáletrun. Þessi atriði virðast oft hafa farið framhjá safnafólki og þeim sem koma að uppsetningu á söfnum á Íslandi. Bæði er textinn oft of langur og stundum teygir hann sig alveg til gólfs svo fólk þarf að fara á fjórar fætur til að klára hann eða að hann er stilltur upp of hátt þannig að það er ómögulegt að lesa hann. Björn G. Björnsson leikmynda og sýningahönnuður segir í bók sinni *Sýningagerð* að það er gott að leysa vandamálið með íslenskuna og enskuna með því að hafa enska textann skáletraðan. Það stingur hinsvegar í stúf við það sem Ambrose og Paine segja í *Museum Basics* en þar nefna þeir sérstaklega að skáletrun ætti að forðast. Einföld og ódýr lausn til að takmarka rými texta og mynda á söfnum er að útbúa flettisþjöld fyrir þá sem hafa mikinn áhuga. Sú hugmyndafræði hefur þó ekki náð að hasla sér völl héraendis og það eru fá söfn sem bjóða upp á slíkt.⁶

Munir

Munir eru nánast nauðsynlegir fyrir söfn og sýningar til að tengja saman samtíðina við fortíðina. Íslensk byggðasöfn hafa þó yfirleitt ekki verið mjög hnitmiðuð við sýningu á safnkosti sínum. Raunveruleg dæmi eru um söfn sem hafa stillt upp 22 rúmfjöllum eða 14 útvörpum upp á sama vegg eða á sömu hillu. Þetta getur spillt upplifun gestsins og líkast er því að gengið sé inn í eins og Eggert orðar það „opna geymslu.“ Oft er einnig margt athugavert við skýringamiðana við munina eins og ég hef fjallað um og það er mikilvægt að þeir séu ekki skrifaðir af sérfræðingum sem markhópur safnsins hefur síðan engan skilning á. Skýringartextinn við munina ætti að vera skýr og ekki lengri en 40 orð samkvæmt *Museum Basics*. Það er líka mjög slæmt ef það er enginn skýringatexti við munina og það eina sem stendur er mögulega: Meis, Aldur: 1900 - 1910, Gefandi: Sigurbjörn Jónsson.⁷

⁶ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 124, 147, 149-150; Björn G. Björnsson, *Sýningagerð*, 47; Eggert Þór Bernharðsson, Miðlun sögu á sýningum, 50-51 nmg, 58.

⁷ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 149-150; Eggert Þór Bernharðsson, Miðlun sögu á sýningum, 22-23.

Grafísk miðlun, ljósmyndir og líkön

Grafísk hönnun og ljósmyndir geta verið góð leið til að skýra atburð eða hvernig munir voru notaðir. Þær geta líka lífgað upp á texta og veitt dýpri skilning á viðfangsefninu. Það má einnig nota ljósmyndir til að sýna hluti sem eru glataðir eða þá sem komast ekki inn á safnið. Það ber líka að hafa í huga að myndir eru oft betri kostur en texti en það verður þó að fara varlega með þessa miðlun og passa að ofnota hana ekki. Það er oft tilhneiging á söfnum að yfirfyllast af grafískri miðlun og ljósmyndum en ég tel það ekki vera vandamál hérlendis. Líkön geta einnig verið góður kostur og oft virkað betur en ljósmyndir eða grafísk miðlun. Vinsælt er að sýna líkön af frægum bátum á íslenskum byggðasöfnum og á Sögusafninu á Hvolsvelli er líkan af málaferlum á Alþingi á Þjóðveldisöld.⁸

Endurgerðar byggingar og endursköpuð rými

Endurgerðar byggingar eða byggingar sem hafa verið færðar á safnasvæði geta skapað kraftmikla upplifun á fortíðinni. Mörg ef ekki flest byggðasöfn á Íslandi nýta sér þetta og það er einnig dæmi um að sýningar nýta sér þetta. Landnámssýningin við Aðalstræti í Reykjavík er til dæmis öll uppsett í kringum rústir af víkingaskála sem fundust þar við uppgröft árið 2001. Árbæjarsafn er kannski besta dæmið um þetta á Íslandi en þangað hafa verið flutt hátt upp í 30 sögufræg hús, flest úr miðbæ Reykjavíkur og nágrenni. Oft eru húsin og/eða sýningarrýmið stillt þannig upp að heimilisfólkið hafi einungis skroppið út í kaffi og skilið umhverfið sitt eftir eins og það var. Mörg íslensk söfn þekkja þessa miðlunarleið og til dæmis er Gljúfrasteinn, hús skáldsins, byggt upp og sýnt eftir þeirri hugmyndafræði.⁹

Helsta tákni byggðasafna á Íslandi og það sem erlendir ferðamenn sækja kannski hvað mest í eru torf- eða burstabæir. Mörg byggðasöfn um landið skarta torfbæjum sem hafa verið fluttir eða sérstaklega hlaðnir á safnasvæði en dæmi eru um að bæirnir hafa verið steyptir til að auka endingartíma þeirra. Þjóðveldisbærinn í Þjórsárdal var byggður upp 1974 til að halda upp á 1100 ára byggð í landinu og frummyndin af honum var stórbýlið Stöng. Þjóðveldisbærinn er vinsæll áningastaður erlendra ferðamanna og nú stendur einnig til að byggja upp nýjan miðbæ á Selfossi sem verður nokkurskonar sögubær. Þar stendur til að reisa miðaldadómkirkju og torfbæ og markmið verkefnisins er að auka lífsgæði íbúanna í kring og reyna að skapa nýjan viðkomustað ferðamanna á Íslandi.¹⁰

⁸ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 125, 127, 150; Björn G. Björnsson, *Sýningagerð*, 40, 48-49.

⁹ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 126; Magnús Hlynur Hreiðarsson, *Uppbygging nýs miðbæjar á Selfossi að hefjast*; Vefsvæði Borgarsögusafns Reykjavíkur, *Árbæjarsafn*; Vefsvæði Borgarsögusafns Reykjavíkur, *Landnámssýningin*.

¹⁰ Vefsvæði Þjóðveldisbæjarins, *Um Þjóðveldisbæinn*.

Gínur

Gínur geta lífgað upp á sýningar og hafa verið vinsælar í miðlun hérlendis. Það eru þó skiptar skoðanir á notkun þeirra og upplifuninni sem þær eiga að veita. Eggert Þór vill meina að gínur geti haft neikvæð áhrif á upplifun safngesta. Hann nefnir að margir upplifi þær eins og þær séu aðskotahlutur í sýningunni og trufla tilfinningalegt rými hennar. Til eru margar útgáfur af gínum sem geta hentað fyrir mismunandi miðlun. Klæðskeragínur eru gínur án höfuðs og henta vel til að sýna klæði eða klæðaburð en veita takmarkaða upplifun. Útstillingagínur eða búðargínur hafa verið notaðar og þær geta verið ódýr laus en geta bitnað á upplifun safngesta. Loks eru það sýningagínur sem eru framleiddar sérstaklega fyrir söfn og sýningar. Þær eru vanalega með liðamótum og bjóða upp á möguleikann að setja þær upp í mismunandi stellingar. Slíkar gínur má einnig útbúa sem sérstakar persónur úr fortíðinni og geta þær verið mjög raunverulegar líkt og Saga Museum við Grandagarð í Reykjavík lét gera fyrir sýningu sína. Það er einnig dæmi um þegar fjárhagurinn hefur verið rýr að gínur séu gerðar úr hæsnaneti, kústsköftum og herðatrjám en það var gert þegar Sögusetrið á Hvolsvelli var fyrst opnað árið 1997.¹¹

Gínur bjóða einnig upp á möguleikann á sérstakri þrívíddaruppstillingu (e. *diorama*) sem hefur verið vinsæl leið til að skapa upplifun. Þá eru gínur stilltar upp við ákveðinn bakgrunn og látnar taka þátt í einhverju til að endurskapa fortíðina. Algengast er að gínur séu notaðar í slíka miðlun en það má einnig nota þær til að endurskapa herbergi úr fortíðinni (e. *tableau*). Það er gert með því að útbúa herbergi líkt og það var í fortíð og nota gínur til að lífga upp upplifunina. Það getur skapað sérstakt andrúmsloft líkt og safngesturinn sé að horfa inn um glugga fortíðarinnar.¹²

¹¹ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 126-127; Björn G. Björnsson, *Sýningagerð*, 38-39; Eggert Þór Bernharðsson, *Miðlun sögu á sýningum*, 37.

¹² Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 126.

Gagnvirkni

Það er síaukin krafa samtímans að söfn og sýningar bjóði upp á einhverskonar gagnvirkni. Hugtakið gagnvirkni nær yfir gríðarlega margt og skilgreinist aðallega í þátttöku fólks í viðfangsefninu. Gagnvirkni getur því verið allt frá því að setja á sig víkingahjálm í það að nota snertiskjá til að afla sér upplýsinga. Það eru margar rannsóknir sem benda til þess að fólk lærir best með því að nota sem fjölbreyttastar leiðir í kennslu og miðlun og þar spilar gagnvirkni á söfnum stórt hlutverk. Árið 2001 fór Victoria and Albert safnið í Lundúnum í gegnum stærstu breytingu á sýningarsölum sínum í meira en hálfa öld. Breytingin á safninu sem hafði verið hefðbundið safn með muni í glerskápum og listaverk upp á vegg gjörbreytti miðlunarleiðum sínum og lagði áherslu á gagnvirkni. Eftir breytingarnar var boðið upp á gagnvirka tölvuskjái, myndbönd, hljóðleiðsagnir og hluti sem mátti snerta og handleika. Samkvæmt gestarannsókn sem safnið lagðist í eftir breytingarnar kom í ljós að 93% gesta töldu gagnvirknina auka gildi heimsóknarinnar á meðan aðeins 1% töldu gagnvirknina hafa neikvæð áhrif á safnið. Aftur á móti getur gagnvirk tækni verið kostnaðarsöm í uppsetningu og viðhaldi og mörg söfn hafa kannski ekki fjármagn til að fara í slíka miðlun þó viljinn sé fyrir hendi.¹³

Hljóðleiðsagnir

Hljóðleiðsagnir geta verið góð miðlunarleið og skapað ákveðið andrúmsloft og tilfinningar fyrir gestina. Það eru þó tiltölulega fáir staðir sem bjóða upp á slíka leiðsögn hér á landi en þær hafa viðgengst lengi og hafa skapað sér ákveðna sérstöðu á söfnum og sýningum. Hljóðleiðsagnir geta gefið betri upplifun heldur en textaspjöld og geta sett hlutina í samhengi. Það má líka skapa ákveðna upplifun með hljóðleiðsögnum sem önnur miðlun á erfiðara með til dæmis að hafa bakgrunns- og eða áhrifshljóð. Annar yfirburður sem hljóðleiðsögn hefur er að hún býður upp á möguleikann að miðla leiðsögn á mörgum tungumálum.

Eitt algengasta vandamál miðlunar á söfnum og sýningum eru tungumálin. Ef rússneskur ferðamaður sem hefur takmarkaða enskukunnáttu kemur á safn hérlendis er auðvitað hægt að leysa það vandamál með rússneskri hljóðleiðsögn. Það er hinsvegar ekki víst hvort safnvörðurinn talar rússnesku og geti leiðbeint gestinum um safnið. Möguleikarnir með hljóðleiðsagnir eru því margir og að mörgu leyti betri en aðrar miðlunarleiðir en þær eru oft

¹³ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 61, 132; Guðbrandur Benediktsson og Rakel Halldórsdóttir. Til hvers eru söfn? 12-13; Vefsvæði Victoria and Albert safnsins, *Conference proceedings: interactive learning in museums of art*.

ekki nóg og útpældar og geta virkað yfirborðskenndar. Það er einnig vandamálið með hljóðleiðsagnir að það er ekki hægt að fá svör við spurningum sem vakna upp í leiðsögninni.¹⁴

Húsdýr

Það eru ekki mörg söfn sem hafa burði til þess að sýna húsdýr en slík miðlun veur yfirleitt upp mikla athygli og ánægju gesta. Árbæjarsafn er með húsdýr til sýnis yfir sumartímamann en þau krefjast mikillar umsjónar. Húsdýr geta dýpkað upplifun gestsins og sérstaklega ef markmið safnsins er að sýna bóndabæ eins og hann var á seinni hluta 19. aldar og á byrjun 20. aldar líkt og Árbæjarsafn gerir.

Leikarar og endursköpun á fortíðinni

Notkun leikara á söfnum hefur reynst heppileg miðlunarleið á síðustu árum og möguleikarnir eru margir. Til dæmis getur leikari leikið ákveðið hlutverk til að miðla hvernig lifnaðarhættir, klæðaburður og hversdagslegt líf var á tímabilinu sem safnið sýnir. Þá gefst einnig tækifæri til að skapa stærri leikþátt sem safnið stendur fyrir. Sumstaðar er vinsælt að endurskapa ákveðna viðburði úr sögunni til dæmis hefur endursköpun á Borgarastríðinu verið vinsæl iðja í Bandaríkjunum. Leikur og endursköpun á fortíðinni getur verið spennandi iðja og vakið söfn til lífsins.¹⁵

Margmiðlunar- og tölvutækni

Snertiskjái og önnur tölvutækni hefur verið að ryðja sér til rúms og orðið meira áberandi undanfarið á íslenskum söfnum og sýningum. Þetta getur verið góð leið og býður upp á marga möguleika. Til dæmis má koma í veg fyrir að safn yfirfyllist af texta með því að gefa gestum tækifæri á því að lesa ítarefni af snertiskjá. Það er svipuð virkni og flettspjöldin sem ég hef áður minntist á.

Íslenska fyrirtækið Gagarín hefur sérhæft sig í notkun margmiðlunar og tölvutækni í verkum sínum og hefur sett upp og aðstoðað við margar slíkar sýningar hérlendis. Til að mynda mætti nefna Landnámssýninguna við Aðalstræti, Orkusýninguna í Búrfellsvirkjun og

¹⁴ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 127-128; Eggert Þór Bernharðsson, Miðlun sögu á sýningum, 60.

¹⁵ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 135.

Eldheima í Vestmannaeyjum. Sýningarnar sem Gagarín kemur að eru allar mjög gagnvirkar og skapandi í miðlun þekkingar.

Margmiðlunar- og tölvutækni og virðist falla vel í geði hjá safngestum og tónar vel við samtímalífið sem er oftast en ekki er eytt fyrir framan tölvu- og sjónvarpsskjái. Ókosturinn við þessa tækni er auðvitað kostnaðurinn og viðhaldið sem fylgir henni.¹⁶

Persónuleg leiðsögn

Elsta og algengasta gagnvirka miðlun á söfnum og sýningum í heiminum er persónuleg leiðsögn. Slík miðlun getur líka auðveldlega verið sú besta ef vel er með hana farið. Safnvörður eða leiðsögumaður á safni verður að hafa mikla þekkingu og áhuga á viðfangsefni safnsins ásamt því að vera vanur því að koma fram fyrir fólk og halda fyrirlestra. Góður leiðsögumaður getur líka áttað sig á áhugasviði hópsins og reynt að vekja áhuga á viðfangsefninu út frá þekkingargrunni eða áhugasviði hans. Loks þarf leiðsögumaður að hafa yfirgripsmikla þekkingu á safninu eða sýningunni og um land og þjóð til að geta svarað spurningum sem kynnu að vakna upp hjá safngestunum. Þessi miðlun er mjög vandmeðfarin og getur auðveldlega orðið ein versta miðlunarleiðin ef hún er í röngum höndum. Safngestir taka fljótlega eftir því hvort leiðsögnin sé lifandi og áhugaverð eða einungis endurtekin þurr ræða um ártöl og valdamenn.¹⁷

¹⁶ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 132; Vefsvæði Gagaríns. *Our work*.

¹⁷ Ambrose og Paine, *Museum Basics*, 134.


Skoðanakönnun

Í miðju upptökuferlinu á heimildamyndinni sendi ég út skoðanakönnun um hvernig Íslendingar vilja afla sér þekkingar á söfnum. Ég hafði ákveðnar fyrirframgefnar hugmyndir um niðurstöðurnar en mér til mikillar furðu var útkoman úr könnuninni í algjöru ósamræmi við þær. Ég passaði að hafa hana mjög stutta vegna þess að ég veit að mörgum finnst yfirþyrmandi að glíma við langar skoðanakannanir. Hún var einungis með þremur krossaspurningum ásamt aldri og valmöguleikanum til þess að gera athugasemdir. Könnunin var ekki bundin við stétt, kyn eða aldur enda fannst mér það ekki skipta máli í þessu viðfangsefni. Könnunin var send í loftið þriðjudaginn 17. mars og send á alla nemendur Háskóla Íslands og ítrekuð viku eftir það. Eftir ítrekunina höfðu 599 manns svarað henni. Ég gerði könnunina í Google Forms en komst síðan að því að það var ekkert því til fyrirstöðu að fólk tæki hana eins oft og því lysti og það hefur haft áhrif á niðurstöðurnar. Þó niðurstöðurnar séu kannski ekki fullkomlega marktækar gefa þær samt ákveðnar vísbendingar um hvernig Íslendingar vilja afla sér þekkingar á söfnum.

Útkoman úr könnuninni voru ekkert í samræmi við fyrirframgefnar hugmyndir mínar um hvernig fólk kysi að afla sér þekkingar á söfnum. Ég hélt að fólk vildi yfirleitt fá persónulega leiðsögn um söfn og sýningar en svo var ekki.


Fyrst var spurt hversu oft viðkomandi færi á byggðasöfn og sögusýningar árlega og fara flestir aldrei eða einu sinni eða 58 prósent. Um það bil 30 prósent fara tvisvar til þrisvar og 12 prósent fara oft en það.

HVERSU OFT HEIMSÆKIR ÞÚ BYGGÐASÖFN OG SÖGUSÝNINGAR ÁRLEGA?



Næst var spurt um hvernig miðlunarleið fólk myndi kjósa á slíkum stofnunum ef það væri valfrjálst og þar gafst möguleiki að velja mest fjóra valmöguleika af sex. Þegar ég sendi könnunina út hafði ég ekki þennan möguleika að geta valið marga kosti en mér var fljótlega bent á að oft vildi fólk fá mismunandi miðlunarleiðir á mismunandi söfnum. Þar af leiðandi bætti ég einnig við möguleikanum að velja: „samanblöndu af mörgum miðlunarleiðum“ sem er kannski óheppilegur valkostur vegna þess að ef maður velur hann þá hefur maður í rauninni valið allar hinar miðlunarleiðirnar líka. Hugmyndin mín bak við þann valmöguleika var sá að oft vill safngestur fá til dæmis einhverja gagnvirkni en líka fá að sjá muni og eða lesa texta, að það sé ekki ein miðlunarleið sem er í upphaldi hjá fólki heldur að það kjósi að fá samanblöndu af mörgum. Auðvitað hefði verið hægt að útfæra þennan valmöguleika á betri hátt til dæmis með því að spyrja fólk hvaða miðlunarleiðir það myndi vilja blanda saman ef það hefði valið þann kost. Forritið sem ég notaði bauð því miður ekki upp á þennan valmöguleika og könnunin var þegar farin í loftið þegar mér var bent á þetta.


HVERNIG MIÐLUNARLEIÐ/IR Á BYGGÐASÖFNUM OG SÖGUSÝNINGUM MYNDIR ÞÚ KJÓSA EF ÞAÐ VÆRI VALFRJÁLST?



Flestir vildu fá samanblöndu af mörgum miðlunarleiðum, eða 319 hökuðu við það. Næst vinsælast var að fá frjálssar hendur til að labba um safnið og var sá valmöguleiki valinn 318 sinnum. 273 hökuðu við að fá miðlun með margmiðlun og gagnvirkni tækni og 256 hökuðu við að fá leiðsögn leiðsögumanns um safnið. Loks hökuðu 185 manns við að fá hljóðleiðsögn og 176 hökuðu við valmöguleikann að sjá leikræna endursköpun á fortíðinni þar sem starfsfólk safnsins klæðir sig upp í búninga frá tímum sem safnið sýnir. Níu manns voru óvissir og hökuðu við valmöguleikann „veit ekki.“

Síðasta spurningin snérist um hvort fólki taldi leiðsögn leiðsögumanns hafa meira gildi heldur en aðrar miðlunarleiðir. Rúm 38% þátttakenda voru frekar sammála því að leiðsögn leiðsögumanns hefði meira gildi á slíkum stofnunum en aðrar miðlunarleiðir. Hinsvegar voru 31% sem svöruðu „hvorki né“ við þeirri spurningu.

TELUR ÞÚ AÐ LEIÐSÖGN LEIÐSÖGUMANNS UM BYGGÐASÖFN OG SÖGUSÝNINGAR HAFI MEIRI GILDI EN AÐRAR MIÐLUNARLEIÐIR?



Þessar niðurstöður stungu í stúf við fyrirframgefnar hugmyndir mínar um hvernig fólk vildi afla sér þekkingar á söfnum. Samkvæmt þessarar könnun vildu flestir fá samanblöndu af mörgum miðlunarleiðum eða fá frjálssar hendur til að skoða safnið og læra af sjálfsdáðum. Persónuleg leiðsögn var fjórða miðlunarleiðin í röðinni en ég hefði haldið að hún væri vinsælust. Síðasti valmöguleikinn í könnuninni var möguleikinn að skrifa athugasemd varðandi viðfangsefni könnunarinnar og var hann vel nýttur. Það voru margir sem höfðu mjög sterkar skoðanir á því hvernig efni er miðlað á slíkum söfnum og sýningum sem kom mér líka á óvart. Þetta snertir líka hvernig erlendir ferðamenn og Íslendingar upplifa sig sem þjóð, eða einhverskonar heild, og því getur þetta verið viðkvæmt viðfangsefni fyrir marga. Aldur úrtaksins var allt frá 22 ára og til 79 ára og allt þar á milli en flestir voru á aldursbilinu 30 – 60 ára.

Heimildamyndir

Það er enginn vafi á því að það er torvelt að skilgreina orðið heimildamynd og hvað það stendur fyrir og hvort hugtakið sé yfirhöfuð ennþá marktækt. Árið 1950 ritar Duncan Ross, sem hefur verið talinn fyrsti handritshöfundur heimildamynda, í tímaritið *BBC Quarterly* að: „hugtakið sé orðið svo saurgað og útþynnt og notað yfir allar kvikmyndir sem hafa einhverja félagslega merkingu.“ Samkvæmt honum var hugtakið ekki lengur einungis notað yfir kvikmyndir heldur líka útvarpsþætti, bækur, greinar og málverk.¹⁸ Fleiri fræðimenn eru sammála Ross en í samtímanum hafa aldrei verið gerðar fleiri heimildamyndir né horft eins mikið á þær og einmitt núna.¹⁹ Skilgreiningar á heimildamyndum hafa aldrei verið fleiri og í þeirri flóru má meðal annars finna: leiknar eða sviðsettar heimildamyndir, sögulegar heimildamyndir, náttúrulífsheimildamyndir, ljóðrænar heimildamyndir, teiknaðar heimildamyndir, internet heimildamyndir, könnunarmyndir (e. *direct cinema*), tölvugerðar heimildamyndir, , skýringarheimildamyndir, rannsóknarfréttamennsku heimildamyndir, þátttökuheimildamyndir, svindl/grín eða platmyndir (e. *mocumentary*), sjálfhverfar heimildamyndir, afhjúpunarmyndir (f. *exposé*), áróðursmyndir, afþreyingarheimildamyndir (e. *magazine documentary*), fræðslumyndir, gjörningarheimildamyndir, tilraunamyndir (f. *avant-garde*) og allt þar á milli.²⁰ Þær geta síðan fjallað um allt milli himins og jarðar og gott betur en það. Myndin þarf ekki að einkennast af einni skilgreiningu heldur getur fallið undir marga flokka eða breytt um stíl í gegnum myndina. Heimildamyndir verða líka fyrir áhrifum og sveiflum í samfélaginu, kvikmyndagerðamenn geta haft sína persónulegu stíla og þær eru líka breytilegar milli menningarheima.²¹ Notkun heimilda er heldur ekki nauðsynlegt til að gera heimildamynd.²²

Þrátt fyrir þennan glundroða í hugtakaskilgreiningu eru flestir fræðimenn sammála því að kvikmyndir skipast í tvo til þrjá megin flokka. Þeir eru leiknar myndir (e. *fiction*) og heimildamyndir (e. *non-fiction*).²³ Helsti munurinn á þeim er að í leiknum myndum hafa leikarar handrit og er stjórnað af leikstjóra og þær eru oft myndaðar í stúdíóum. Þetta eru myndirnar sem við horfum á á föstudagskvöldum fyrir framan sjónvarpið. Heimildamyndir

¹⁸ Ross, *The documentary in television*, 19-20.

¹⁹ Ellis og Mclane, *A new history of documentary films*, 338.

²⁰ Sjá til dæmis: Björn Ægir Norfjörð, *Einsleit endurreisn*, 115, 131; Eggert Þór Bernharðsson og Gunnar Þór Bjarnason, *Sjón og saga*, 54; Ellis og Mclane, *A new history of documentary films*, 337-8; Félag kvikmyndagerðarmanna, *Heimildarmyndagerð*; Nichols, *Introduction to documentary*, 102- 137; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Böðvar Bjarki Pétursson, *Ný sýn*, 4; Swinson, *Writing for television*, 78; Þorsteinn Helgason, *Sagan á skjánum*, 43.

²¹ Nichols, *Introduction to documentary*, 31, 36, 100.

²² Félag kvikmyndagerðarmanna, *Heimildarmyndagerð*.

²³ Nichols, *Introduction to documentary*, 1-2; Ellis og Mclane, *A new history of documentary films*, 1.

sýna hins vegar ekki leikara sem fara með texta á leikrænan hátt eftir handriti heldur byggjast heimildamyndir á félagslegum leikurum (e. *non-actors, social actors*). Félagsslegir leikarar eru venjulegt fólk sem heldur áfram að lifa sínu eðlilega lífi og leyfir heimildagerðarmönnum að mynda það. Hversu mikil áhrif myndavélin hefur á það er annað málefni sem verður farið betur í seinna.²⁴ Þriðji flokkurinn sem er stundum tekinn með í grunnflokka á kvikmyndum er síðan tilraunamyndir eða avant-garde myndir. Þær eru yfirleitt stuttmyndir eftir sjálfstæða kvikmyndaframleiðendur sem fara gegn hefðbundinni kvikmyndagerð og reyna að skapa eitthvað nýstárlegt. Þessar myndir má helst sjá í samfélögum sem leggja ekki mikið upp úr kvikmyndagerð, á listasöfnum og eru yfirleitt framleiddar í frekar litlu upplagi.²⁵

Heimildamyndir skera sig þó frá öðrum gerðum kvikmyndalistar vegna þess að þær eru ekki uppspuni. Heimildamyndir eru framsetning á heimi sem við búum í en ekki endursköpun á honum.²⁶ Eins og orðið bendir til þá ættu heimildamyndir að byggja á raunverulegum heimildum en ekki uppspuna. Í enskumælandi löndum hafa menn oft stuðst við hugtakið factual programming eða myndefni sem er byggt á staðreyndum. Það nær yfir meginþorrann af heimildagerðarefni en inn í þeirri skilgreiningu falla þó einnig matreiðslu- og raunveruleikabættir og fleira efni sem krefst ekki leikara.²⁷ Kvikmyndafræðingarnir Jack C. Ellis og Betsy A. McLane telja að heimildamyndir skera sig frá hinum skapandi formum kvikmynda á fimm vegu. Í fyrsta lagi er það viðfangsefnið (e. *subject*). Heimildamyndir fjalla til dæmis ekki einungis um hina mannlegu upplifun heldur getur viðfangsefni heimildamynda verið atburðir eða hlutir. Sem dæmi má nefna myndina *The fourth estate* eftir Paul Rotha (1940) sem fjallar um dagblöð. Í öðru lagi er það tilgangur, sjónarhorn og nálgun heimildamyndanna. Það eru mynduð félagsleg eða menningarleg fyrirbæri sem heimildamyndagerðarmennirnir telja vera mikilvægt til að upplýsa, vekja áhuga eða samúð með fyrir áhorfendur. Í þriðja lagi er það formið. Heimildamyndir takmarkast af raunveruleikanum og í þeim er ekki skáldað efni þó sviðsetningar séu stundum notaðar. Í fjórða lagi er það framleiðsla og tækni. Heimildamyndir mynda félagslega leikara sem „leika“ sjálfa sig. Heimildagerðarmenn mynda fólk líka yfirleitt á staðnum þar sem viðtalið/atburðurinn fer fram í stað þess að mynda í stúdíói. Lýsingin er yfirleitt sú sem er á staðnum og ef viðbótarlýsing er notuð þá er það til að bæta lýsinguna á dimmum stöðum. Lýsing í heimildamyndum er yfirleitt ekki notuð til að skapa ákveðið andrúmsloft eins og þekkist í leiknum kvikmyndum. Loks í fimmta lagi er það viðbrögð áhorfandans.

²⁴ Nichols, *Introduction to documentary*, 5-6; Ellis og McLane, *A new history of documentary films*, 1.

²⁵ Ellis og McLane, *A new history of documentary films*, 1.

²⁶ Nichols, *Introduction to documentary*, 20.

²⁷ Félag kvikmyndagerðarmanna, *Heimildarmyndagerð*.

Heimildamyndir sækjast venjulega eftir tvennskonar viðbrögðum. Í fyrsta lagi að bjóða upp á fagurfræðilega upplifun og í öðru lagi að vekja fólk til umhugsunar og eða hafa áhrif á skoðanir fólks sem leiðir mögulega til aðgerða.²⁸ Ég tel þessar fimm skilgreiningar Ellis og McLans prýðisgóð viðmið á það hvernig heimildamyndir skera sig frá annarri kvikmyndagerð. Í raun og sann eru samt allar kvikmyndir heimildamyndir. Allar myndir sýna eitthvað um tíðarandann þegar þær eru gerðar jafnvel þó þær séu ekki titlaðar sem slíkar.²⁹ Ef það ætti að reyna henda reiður á orðið heimildamynd væri mögulega best að vitna í John Grierson sem hefur oft verið titlaður faðir heimildamyndarinnar. Samkvæmt honum er heimildamynd kvikmynd sem sýnir „skapandi túlkun hins raunverulega.“³⁰

Kenningar Bill Nichols

Margir fleiri fræðimenn hafa líka lagt lóðir sínar í skálina í umfjöllun á heimildamyndum og með þeim þekktari er kvikmyndafræðingurinn Bill Nichols. Hann er líklega þekktastur fyrir bókina sína *Representing reality: Issues and Concepts in Documentary* sem kom út árið 1991. Í bókinni færir hann kenningar úr kvikmyndafræði fyrst yfir á heimildamyndir sem ég mun fara betur í síðar. Samkvæmt Nichols tengjast heimildamyndir heiminum með því að sýna hann á þrjá vegu: Í fyrsta lagi auka heimildamyndir þekkingu okkar á einhverju viðfangsefni. Þær dýpka vitund okkar á einhverju málefni sem við könnumst kannski við en þekkjum ekki vel. Heimildamyndir gefa áhorfandanum nýja sýn á heiminum í gegnum sögur, rökræður, uppvakningu (e. *evocation*). Í öðru lagi taka heimildamyndagerðamenn að sér hlutverk „almúgans“ (e. *public representative*) og fjalla um hagsmuni þeirra sem birtast í myndinni og þeirra stofnanna sem styðja gerð myndarinnar. Loks í þriðja lagi standa heimildamyndir sem fulltrúar fyrir aðra með leiðum sem hópar eða viðfangsefni hafa ekki möguleikann til að gera. Það væri hægt að líkja heimildamyndum við mál skjólstæðings sem lögfræðingur tekur að sér til að verja. Í heimildamyndum er stillt upp viðfangsefni eftir ákveðnu sjónarhorni og látið aðra um túlkun á því, líkt og lögfræðingur myndi gera.³¹ Þessi þrjú sjónarhorn Nichols á heimildamyndir dýpka skilning á því hvernig má skilgreina heimildamyndir. Nichols hefur einnig skrifað um stíla heimildamynda og samkvæmt honum eru fjórir meginstílar í sögu heimildamynda. Fyrsti stíllinn er Grierson-hefðin en það eru heimildamyndir með einum

²⁸ Ellis og McLane, *A new history of documentary films*, 1-3.

²⁹ Nichols, *Introduction to documentary*, 1.

³⁰ Hardy, *Introduction*, 13.

³¹ Nichols, *Introduction to documentary*, 2-5.

alvitrum sögumanni sem hafði það yfirþyrmandi hlutverk að fræða. Þessi aðferð er talin hafa byrjað í kringum þriðja áratug síðustu aldar en féll að mestu úr gildi eftir seinni heimstyrjöldina. Grierson-hefðin er þó ennþá oft notuð í auglýsingum, íþróttalýsingum og í sjónvarpsfréttum. Annar stíllinn voru könnunarmyndir og sá stíll varð fyrst algengur í lok sjötta áratugsins eða um 1960. Könnunarmyndirnar lofuðu að auka raunveruleikaáhrif með hlutleysi sínu og með því markmiði að mynda raunveruleikann eins og hann birtist fyrir upptökuvélinni milliliðalaust. Könnunarmyndir gáfu áhorfendum sínum líka tækifæri á því að túlka myndirnar á eigin vegu vegna þess að oft var enginn skýringatexti eða sögumaður sem leiddi þá í gegnum myndina. Þriðji stíllinn voru viðtalsmiðaðar heimildamyndir eða þátttökuheimildamyndir (e. *participatory mode*) og þessi stíll er talinn byrja á sama tíma og könnunarmyndirnar. Þessi stíll heimildamynda einkenndist af beinum ávörpum til áhorfanda þar sem fólk segir sögu sína fyrir framan myndavélina. Þessar myndir einkenndust af viðtalsformi og eru taldar vera fyrirmynd samtímaheimilda. Nýjasti stíll heimildamyndanna er talinn vera svokallaðar sjálfhverfar heimildamyndir. Þessi stíll byrjar í kringum eftirnútímastefnu (e. *post-modernism*) í vísindum og listum í kringum árið 1980. Sjálfhverfar heimildamyndir snúast mikið um það sem verður á vegi kvikmyndagerðarmannsins og í þeim er blandað saman þekkingarfræðilegum og fagurfræðilegum hugmyndum. Þar er blandað saman stílum könnunarmynda við viðtöl og frásögn sögumanns og lagt áherslu á túlkun en ekki raunverulegan og hlutlægan sannleika. Kvikmyndagerðarmenn sem framleiða sjálfhverfar heimildamyndir vita að það er nánast ómögulegt að mynda hlutlægan raunveruleika. Í staðinn fyrir að eltast við það eru slíkar myndir frekar byggðar upp á túlkun viðmælanda og sjónarhorni kvikmyndarinnar á viðfangsefninu.³² Að auki nefnir Nichols að hver kvikmynd hefur sína „rödd.“ Með þessu er átt við hvernig heimildamyndin „talar“ við áhorfandann og hvernig hann túlkar heimildamyndina og er dýpri skilgreining en stíll.³³ Að lokum virkar kvikmyndin alltaf eins og sjálfstæð heild burtséð frá því undir hvaða stíl, gerð eða á hvaða tímabili hún er gerð. Þessu lýsir hann á eftirfarandi hátt:

The film operates as an autonomous whole, as we do. It is greater that its parts and orchestrates them: (1) the recruited voices, the recruited sounds and images; (2) the textual „voice“ spoken by the style of the film as a whole (how its multiplicity of codes, including those pertaining to recruited voices are orchestrated into a singular, controlling pattern); and (3) the surrounding historical context, including the viewing event itself, which the textual voice cannot successfully rise above of fully control. The film is thus a simulacrum or external trace of the production of

³² Nichols, *The voice of documentary*, 17-18; Nichols, *Introduction to documentary*, 138.

³³ Nichols, *The voice of documentary*, 18.

meaning we undertake ourselves every day, every moment. We see not an image of imaginary unchanging coherence, magically represented on a screen, but the evidence of an historically rooted act of making things meaningful comparable to our own historically situated acts of comprehension.³⁴

Þó Nichols hafi skilgreint mikið og búið til marga lista og flokka hefur hann aldrei unnið undir þeirri sýn að einhver gerð eða stíll heimildamynda sé betri en annar. Nichols hefur alltaf reynt að fjalla um hvern stíl eða hverja gerð heimildamynda og skilgreina blómaskeið þeirra í sögulegu samhengi.³⁵ Bill Nichols er samt líklegast þekktastur fyrir kenningar sínar sex um gerðir heimildamynda eins og ég hef minnst á. Ég ætla að fara stuttlega í gegnum þær en fyrsta gerðin sem Nichols tilgreinir í gerðum heimildamynda er ljóðræna heimildamyndin (e. *poetic mode*). Þessi aðferð var mjög algeng í kringum þriðja áratug síðustu aldar og einkennist af brotum úr mannkynssögunni úr ýmsu áttum og tvíræðni. Ljóðræna heimildamyndin býður upp á öðruvísi miðlun heldur en að fá upplýsingar beint í æð.³⁶ Á sama tímabili í mannkynssögunni var skýringarmyndin (e. *expository mode*) mjög algeng. Þær einkennast af því að henda reiður á sögu heimsins eða einhverju viðfangsefni með einum alvitrum sögumanni sem sést aldrei (e. *voice of God*) eða með rödd yfirvaldsins sem sést stundum í (e. *voice of authority commentary*). Skot og myndir eru aðalundirstaða skýringamynda. Myndefnið skreytir, skýrir, kallar eitthvað fram eða stingur í stúf við það sem sagt er. Skýringamyndir bjóða ekki upp á möguleikann á persónulegri túlkun og efninu er oft miðlað líkt að það sé hinn heilagi sannleikur. Þess vegna hafa skýringamyndir oft verið notaðar sem áróðurstæki í stríðum. Gott dæmi um það eru myndir á borð við *Triumph des Willens* eftir Leni Riefenstahl (1935) og myndaserían *Why we fight* eftir Frank Capra (1943-45).³⁷

Upp úr sjötta og sjöunda áratugnum urðu til tvær nýjar gerðir af heimildamyndum en það voru könnunarmyndir (e. *observational mode*) og þátttökumyndir (e. *participatory mode*). Þessar gerðir af kvikmyndalist eru taldar eiga rætur sínar að rekja til tækniþróunar í upptökuvélum. Á þessu tímabili urðu myndavélarnar ódýrari og meðfærilegri sem bauð upp á möguleikann að mynda fólk í sínu daglega amstri. Könnunarmyndir frá þessu tímabili voru oft án sögumanns, án viðbættri tónlist og án hljóðbrellna (e. *sound effects*), voru án titla, án sviðsetninga, oft voru engin viðtöl og engin hegðun var endurtekin fyrir framan myndavélina. Könnunarmyndir hafa það að markmiði að mynda raunveruleikann eins og hann er milliliðalaust. Það hafa lengi verið vangaveltur heimildagerðarmanna hversu mikil áhrif

³⁴ Nichols, *The voice of documentary*, 27.

³⁵ Nichols, *The voice of documentary*, 18.

³⁶ Nichols, *Introduction to documentary*, 103-104, 138.

³⁷ Nichols, *Introduction to documentary*, 105, 107-109, 138.

myndavélin hefur og hvort það sé yfirhöfuð hægt að mynda „raunveruleikann.“ Spurningin hvort fólk verði fyrir einhverskonar Hawthorne áhrifum hefur lengi brotið heila heimildamyndagerðarmanna. Hawthorne áhrif fela það í sér að ef það er verið að rannsaka fólk þá gerir fólk sér líklega grein fyrir því og hagar sér öðruvísi í kjölfarið. Í slíkum aðstæðum er mikilvægt að gera sér grein fyrir viðhorfi fólksins sem er verið að rannsaka gagnvart rannsókninni vegna þess að það getur haft mikil áhrif á niðurstöðurnar.³⁸ Það vakna líka margar siðferðislegar spurningar í könnunarmyndum þegar reynt er að mynda raunveruleikann eins og hann birtist fyrir framan myndavélina. Vangaveltur um hvort heimildamyndagerðarfólkið ætti að grípa inn í erfiðar aðstæður og reyna hjálpa eða hvort það ætti að vera eins og fluga á vegg og mynda atburðinn. En það eru vangaveltur sem verður farið betur í seinna í greinagerðinni.³⁹

Önnur gerð heimildamynda sem var einkennandi fyrir sama tímabil var þátttökuheimildamyndin (e. *participatory mode*). Það sem er einkennandi fyrir þátttökuheimildamyndir er þátttaka heimildamyndagerðarfólksins í málefnum eða á vettvanginum sem fjallað er um. Í stað þess að lýsa heiminum á lítið áberandi hátt, endurskilgreina hann á listrænan hátt eða byggja heimildamyndina á rökfærslum sjáum við einhvern sem tekur þátt í viðfangsefnum með fólkinu sem er verið að mynda. Í þátttökuheimildamyndum er viðtalið hefðbundnasta leiðin til þess að mynda samband milli heimildamyndagerðarfólksins og viðfangsefninu. Með viðtalinu má einnig búa til mismunandi röksemdafærslur milli viðmælenda til þess að ná sem hlutlægasta viðhorfi gagnvart viðfangsefnum. Þessi gerð heimildamynda sprettur upp úr gamalli hefð mann- og félagsfræðinga sem hafa farið á vettvang fólks og tekið þátt í lífi þeirra til þess að öðlast dýpri skilning.⁴⁰

Á níunda áratug tuttugustu aldar verða til nýjar gerðir af heimildamyndum. Þessar gerðir eru í samræmi við eftirnútímastefnuna sem átti sér stað í vísindum og listum á sama tíma. Annarsvegar verða til sjálfhverfar heimildamyndir (e. *reflexive mode*) og gjörningarheimildamyndir (e. *performative mode*). Sjálfhverfar heimildamyndir gera sér grein fyrir myndavélinni og ögra formi heimildamynda. Þær hafa það að markmiði að lyfta áhorfandanum upp á hærra plan vitundar og skapa ákveðið „aha!“ augnablik. Þær gera það með því að ljóstra einhverju upp sem virðist mögulega við fyrstu sýn vera fullkomlega eðlilegt en þegar betur er að gáð er ekki allt með felldu. Sjálfhverfar heimildamyndir fá áhorfendur til að horfa á hversdagsleikann í öðru ljósi og reyna hafa áhrif á viðhorf fólks.

³⁸ Wickström og Bendix, The „Hawthorne“ effect, 364.

³⁹ Nichols, *Introduction to documentary*, 109-110, 112, 114-115, 138.

⁴⁰ Nichols, *Introduction to documentary*, 115-116, 121-122, 138.

Slíkar heimildamyndir gefa það kannski ekki fullkomlega í ljós hvað þær eru að reyna varpa ljósi á og gefa áhorfandanum tækifæri á að mynda sér sína eigin skoðun. Til dæmis má nefna að sjálfhverfar pólitískar heimildamyndir fjalla oft um hvernig ástandið er nú en ýja líka að því hvernig ástandið getur orðið. Sem dæmi finnst mér Draumalandið eftir Andra Snæ Magnússon og Þorfinn Guðnason ágætis dæmi um pólitíska sjálfhverfa heimildamynd.⁴¹

Síðasta gerðin sem Nichols fjallar um er gjörningaheimildamyndin en þær miðla þekkingu á óhefðbundinn hátt. Þær einkennast af auðmýkt gagnvart þekkingu og skilning á því að það er nánast ómögulegt að miðla hlutlægum sannleika. Gjörningaheimildamyndir hallast að því að þekking sé byggð á persónulegri upplifun í ljóða, bókmennta og orðræðuhefð frekar en af óhlutbundinni þekkingu byggða á alhæfingu í hefð vestrænnar heimsspeki. Gjörningaheimildamyndir hafa það í huga að fólk upplifir heiminn á mismunandi vegu og gera sér grein fyrir að viðhorf eru persónu- og menningarbundinn. Þær fjalla oft um minnihlutahópa og stöðu þeirra eða eitthvað málefni frá ákveðnu sjónarhorni. Gjörningamyndir hafa gjarnan tilfinningalega nálgun á viðfangsefnið, hvort sem það er sögulegur atburður eða eitthvað fyrirbæri í samtímanum.⁴²

Margt hefur gerst frá því Bill Nichols yfirfærði kenningar úr kvikmyndasögu yfir á heimildamyndir og byltingar hafa átt sér stað. Eins og flestir gera sér kannski grein fyrir er erfitt að reyna skilgreina orðið heimildamynd með einu orði eða í setningu. Kenningar Nichols um heimildamyndagerð eldast samt vel innan fræðaheimsins og sjaldan er fjallað fræðilega um heimildamynd án þess að minnst á hann.

Heimildamyndin mín fjallar um hvernig þekkingu er miðlað á byggðasöfnum og sögusýningum með áherslu á persónulega leiðsögn. Ef ég ætti að flokka hana innan kenninga Nichols væri þá finnst mér hún vera sjálfhverf (e. *reflexive mode*) með örlitlum keim af þátttökuheimildamynd (e. *participatory mode*). Að mínu mati er hún sjálfhverf vegna þess að hún fjallar í rauninni um mig og það sem verður á vegi mínum. Hún er einnig þátttökuheimildamynd að því leiti að ég fer í rannsókn með ákveðnar fyrirframgefnar hugmyndir og kemst síðan að niðurstöðum sem voru ekki í samræmi við tilgátu mína. Að lokum er hún fræðslumynd þar sem hún fræðir áhorfandann um hvernig þekkingu er miðlað á byggðasöfnum og sögusýningum með því að tala við sérfræðinga á því sviði. Það væri kannski hægt að segja að allar heimildamyndir séu fræðslumyndir eða fræðandi en það er kannski bundið við það sem við teljum vera fræði og ekki fræði.

⁴¹ Nichols, *Introduction to documentary*, 128-130, 138.

⁴² Nichols, *Introduction to documentary*, 130-134, 137.

Heimildamyndagerð á Íslandi

Kvikmyndagerð á Íslandi hefur verið í uppsiglingu á undanförunum árum og heimildamyndagerð sömuleiðis. Margir leikstjórar hafa haslað sér völl í heimildamyndagerð eins og Ólafur Jóhannesson, Árni Sveinsson og fleiri. Íslensk heimildamyndagerð hefur þó verið gagnrýnd fyrir að vera einsleit á síðustu árum og fyrir að vera ekki í sambærilegri þróun við heimildamyndir erlendis. Kvikmyndafræðingurinn Björn Ægir Norfjörð fjallar um þetta í grein sinni *Einsleit endurreisn*. Hann bendir á það að skýringamyndin lifi hér enn góðu lífi þrátt fyrir að slík nálgun hafi nánast verið hætt á áttunda áratug síðustu aldar af framsæknum leikstjórum. Hann nefnir einnig að eitt af einkennum íslenskrar heimildamyndagerðar er ónærgætni við viðfangsefnið. Ég get alveg verið sammála því og nefni til dæmis myndina Óli Prik eftir Árna Sveinsson (2015) sem fjallar um handboltahetjuna Ólaf Stefánsson. Í myndinni fékk ég á tilfinninguna að Árni væri að reyna óhreinka mannorð hans og hefur til dæmis með í myndinni atriði þar sem hann segir frá því að konan hans hafi bent honum að taka þunglyndislyf. Annað gott dæmi er myndin Hlemmur eftir Ólaf Sveinsson (2001) sem fjallar um útigangsfólk í Reykjavík. Myndin fjallar meðal annars um félagana Ómar og Hannes og í byrjun myndarinnar er sýnt Ómar kasta upp á götuna eftir að hafa reynt að innbyrða spritt. Í upptökum féll Hannes frá og Ólafur hefur verið gagnrýndur fyrir það að mynda hann. Aðstandendur hans vildu meina að hann væri orðinn of veikur til að gera sér grein fyrir því þegar hann samþykkti að vera með í myndinni.⁴³

Jafnvel þó íslensk heimildamyndagerð hafi verið gagnrýnd fyrir að vera ekki í sömu þróun og heimildamyndagerð erlendis hefur samt þróun og framsækni átt sér stað. Á seinni hluta fimmta áratugarins eftir að lýðveldið Íslands var stofnað einkenndist heimildamyndagerð hérlendis af þjóðarstolti og bjartsýni. Eftir því sem leið á öldina dróst úr bjartsýninni og Reykjavík orðið aðal sögusviðið. Eftir aldamótin vill Björn Ægir meina að íslenskar heimildamyndir einkenndist af myrkri samfélagssýn og einungis af fjórum viðfangsefnum. Það er í fyrsta lagi af utangarðsmönnum eða þjóðþekktum einstaklingum. Í öðru lagi af mannlífinu á afmörkuðum stað, í þriðja lagi af tónlist og tónlistarmönnum og loks í fjórða lagi af fjölmenningu eða breyttu íslensku samfélagi. Eins og Björn Ægir nefnir í grein sinni „Viðfangsefnið skal vera tónlist, staður eða persóna – helstu einhver nógu frægur eða nógu skrytinn.“⁴⁴

⁴³ Björn Ægir Norfjörð, *Einsleit endurreisn*, 114, 145-147.

⁴⁴ Björn Ægir Norfjörð, *Einsleit endurreisn*, 121-145, 147.

Þróun og byltingar í kvikmyndagerð

Kvikmyndaiðnaðurinn hefur verið í stöðugri þróun frá því að kvikmyndir fóru fyrst að birtast á hvíta tjaldinu. Ein stærsta þróun í kvikmyndaiðnaðinum var í kringum sjötta áratuginn þegar könnunarmyndirnar settu sinn svip sinn á listina. Búnaðurinn varð ódýrari og meðfærilegri og það opnaði marga möguleika fyrir kvikmyndatökuáhugamenn. Á tíunda áratug síðustu aldar komu stafrænar myndavélar fyrst á almennan markað og sigrðu fljótt filmuna úr bítum. Rétt eftir aldamótin bauð Apple notendum sínum upp á klippiforritið Final Cut Pro og þá fékk almenningur fyrst möguleikann á gæða klippiforriti á viðráðanlegu verði.⁴⁵ Síðan er varla hægt að kaupa snjallsíma í dag án þess að hann skarti hágæða myndavél. Hver sem er getur í dag tekið upp myndbönd á símann sinn, klippt þau til og sett þau á netið. Það ber þó að hafa í huga að ef maður vill gera eitthvað annað en efni fyrir vefsíðurnar youtube eða vimeo þá þarf maður þekkingu á kvikmyndagerðarlistinni og helst aðgang að betri búnaði.

Síðla árs 2008 er oft talað um að það hafi orðið bylting í kvikmyndaiðnaðinum þegar Canon kynnti til sögunnar myndavélina Canon EOS 5D MarkII. Það var fyrsta DSLR eða stafræna einnar-linsu endurspeglunarvél sem gat tekið upp í fullum gæðum, í 1920x1080 pixlum. Fólk fattaði fljótt að ef hljóðið var tekið upp á aðra rás var hægt að framleiða kvikmyndir í fullum gæðum á slíkar ljósmyndavélar. Slíkar vélar voru bæði meðfærilegri og kostuðu brota-brot af því sem hefðbundnar myndavélar kostuðu í fullri stærð. Kvikmyndaiðnaðurinn tók fljótt í þessa þróun og stórmyndir á borð við Iron Man 2 og Captain America notuðu meðal annars Canon EOS 5D MarkII vélar við hluta af upptökunni. Þannig var hægt að spara pening við upptökur og eyða meira fjármagni í eftirvinnslna. Margir kvikmyndagerðarmenn vilja einnig meina að fólk er ekki eins hrætt við slíkar vélar vegna stærðarinnar og kjósa frekar að vinna með þær. Að lokum eru þær einnig töluvert einfaldari í notkun heldur en stærri upptökuvélar.⁴⁶

⁴⁵ Ellis og Mclane, *A new history of documentary films*, 327.

⁴⁶ *Canon EOS 5D MkII Full Preview*; Grady og Mendenhall, *How digital filmmaking changed the film industry*, 6-9.

Siðferðislegar vangaveltur

Það koma oft upp siðferðislegar vangaveltur þegar heimildamyndir eru gerðar. Sjónvarpið og netmiðlar eru þær fréttaveitur sem fólk notar hvað mest og það má segja að heimildamyndagerðarfólk hefur mikil völd yfir því hvernig það kys að stilla viðfangsefninu upp. Það er enginn vandi að segja margar sögur út frá því efni sem tekið er upp, það fer allt eftir sjónarhorni heimildamyndagerðarmannsins. Við þessa hugleiðingu spretta upp margar siðferðislegar spurningar. Ætti heimildamyndagerðarfólkið að segja viðmælendum sínum að það ætli að láta þá líta heimskulega út til að varpa ljósi á stærra vandamál? Heimildamyndagerðarmaðurinn Michael Moore hefur verið gagnrýndur fyrir þetta til dæmis í myndinni *Roger and Me* (1989) þegar hann ræðir við starfsmenn General Motors í sambandi við fjöldauppsagnir hjá fyrirtækinu. Myndi fólk virkilega ljá rödd sína ef það vissi að það ætti að nota hana í slíkum tilgangi? Það getur oft verið erfitt að útskýra fyrir fólki hvernig framvinda heimildamyndarinnar verður. Á tímabilinu þegar myndin er í upptöku vita þeir sem koma að myndinni örugglega ekki hvernig lokaverkið mun líta út. Moore malar til dæmis ekki upp mjög fallega mynd af fyrrverandi bandaríkjaforseta George W. Bush í mynd sinni *Fahrenheit 9/11*. Það þarf líka að spyrja sig hvort það sé í lagi að nota gamalt efni, til dæmis af kvikmyndasöfnum, til þess að varpa ljósi á eitthvað ósiðlegt. Síðan er vangaveltan hvort það sé ásættanlegt að nota líf fólks til að varpa ljósi á eitthvað málefni. Er til dæmis í lagi að mynda fátækan verkamann til að varpa ljósi á stigveldi kapítalismans?⁴⁷

Siðferðislegar vangaveltur koma fyrir í öllum gerðum heimildamynda en sérstaklega þó í könnunarmyndum. Það getur verið erfitt að ákveða hvort það ætti að mynda erfiðan atburð á borð við dýramisnotkun og barsmíðar eða hvort það ætti að grípa inn í. Síðan er hægt að spyrja sig hvort það ætti frekar að eyða fjármagninu sem fer í að fjármagna slíka mynd í að hjálpa fólkinu sem lifir við þessar erfiðu aðstæður. Það hefði eflaust mikil áhrif ef það væri gert en það er erfitt að vita hvort sé betra fyrir fólkið, að styrkja þau með peningum eða vekja athygli á stöðu þeirra í heimildamynd.⁴⁸

Sú sýn sem eru drottnandi í heimildamyndabransanum getur auðveldlega birt hlutlæga mynd af viðfangsefninu. Þetta getur valdið því að fólk fái rangar hugmyndir um viðfangsefnið sem getur til dæmis verið minnihlutahópar. Sannleikurinn er sá að það er nánast ómögulegt að birta hlutlausan veruleika í myndmiðlum og hvar ætti siðferðisleg skilda

⁴⁷ Sigurjón Baldvin Hafsteinsson, *Heimildamyndir og siðferði*; Nichols, Introduction to documentay, 9, 11; Ruby, The ethics of imagemaking: or, “They’re going to put me in the movies. They’re going to make a big star out of me...”, 217.

⁴⁸ Ruby, The ethics of imagemaking: or, “They’re going to put me in the movies. They’re going to make a big star out of me...”, 218.

kvikmyndaframleiðandans að koma inn. Ættu heimildamyndir að vara fólk við fyrir myndina að efnið sem er sýnt er ekki hlutlaust heldur túlkun á raunveruleikanum og tilbúið form? Eflaust myndi engir framleiðendur samþykkja það vegna þess að það dregur úr sannleiksgildi myndarinnar. Það getur líka verið mjög mismunandi hver nálgun heimildamynda er, hvort þetta er list, frásögn eða fréttáflutningur eða einhverskonar blanda af þessu öllu saman.⁴⁹

Margir fræðimenn hafa velt fyrir sér heimildamyndum og siðferði þeirra. Bandaríski mannfræðingurinn Jay Ruby hefur rannsakað form heimildamynda með rannsóknaraðferðum sjónrænna samskipta. Í grein sinni: *The ethics of imagemaking* skrifar hann eftirfarandi um siðferðisskyldu þeirra sem framleiða heimildamyndir:

The production and use of images involves three separable yet related moral issues which when combined into a professional activity becomes an ethical position. These three issues are (1) the image maker's personal moral contact to produce an image that is somehow a true reflection of the intention in making the image in the first place – to use the cliché, it is being true to one's self; (2) the moral obligation of the producer to his or her subjects; and (3) the moral obligation of the producer to the potential audience. The solution to these questions will vary with the producer's intentions, his or her sociocultural role and that of the image's subjects, and the contexts in which the image appears.⁵⁰

Heimildamyndargerðarmaðurinn hefur vissulega mikil völd og ætti að gæta hlutlægni. Heimildamyndir er form miðils sem býður upp á þann möguleika að segja sögu frá þúsund mismunandi sjónarhornum, það fer allt eftir nálguninni á efnið. Í eftirvinnslnunni er til dæmis hægt að klippa viðmælendur til og látið þá líta mjög illa út. Þess vegna ætti siðferðislega skilda heimildamyndargerðarfólks að reyna hið ítrasta í að vera bæði hlutlæg í upptöku og eftirvinnslu.

Heimildamyndin sem miðlunarleið

Form heimildamynda er mjög góður miðill og það er hægt að ná til margra með því að miðla efni með spennandi og áhugaverðum hætti. Heimildamyndir hafa samt átt undir höggi að sækja frá fræðaheiminum og virðast þær hafa verið þann stimpil á sér að þær eru ekki traustverðugar heimildir. Það er til dæmis mjög erfitt að vitna í heimildamynd í fræðilegri ritgerð og hvað þá að nota heimildamyndir í kennslu, jafnvel þótt þær hafi verið unnin með aðstoð fræðimanna. Margir fræðimenn hafa þó gagnrýnt þetta á síðustu árum, þar á meðal

⁴⁹ Ruby, *The ethics of imagemaking*: or, "They're going to put me in the movies. They're going to make a big star out of me...", 210-211, 214-215; Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Böðvar Bjarki Pétursson, *Ný sýn*, 4-5.

⁵⁰ Ruby, *The ethics of imagemaking*: or, "They're going to put me in the movies. They're going to make a big star out of me...", 211.

sagnfræðingarnir Gunnar Karlsson og Eggert Þór Bernharðsson sem hafa alltaf reynt að vinna með því hugarfari að miðla sögunni til fólksins. Karstan Fledelius, danskur sagnfræðingur, hefur einnig gagnrýnt þessa hægu þróun í miðlun sagnfræði í heimildamyndum og myndmiðlum. Hann nefnir að sagnfræðingar verði að aðlagast breyttum tíma í miðlun vegna þess að það er líka annað fólk sem miðlar sögu í heimildamyndum, fólk sem hefur kannski enga sagnfræði lært. Ef sagnfræðingar koma til móts við þessa þróun geta þeir haft áhrif á framleiðsluna og miðlað þekkingu sem þeir hafa sérhæft sig í.⁵¹

Heimildamyndin sem miðill býður þó upp á misnotkun líkt og aðrir miðlar. Heimildamyndir hafa verið notaðar sem áróðurstæki og þá sérstaklega í stríðum en það er mjög einfalt að gera skýringarmynd (e. *expository mode*) af stríði og hafa einn alvitran sögumann (e. *voice of God*) eins og ég hef nú þegar nefnt. Það er líka mjög erfitt að kynnast einhverju málefni eða manneskju á þeim stutta tíma sem heimildamynd spannar.

Heimildamyndir hafa líka verið gagnrýndar fyrir að vera hlutdrægar og það er margt sem getur spilar þar inn í. Hlutdrægnin getur stafað að því að heimildamyndargerðarmaðurinn hefur fyrirframgefnar hugmyndir um málefnið og myndin getur endurspeglast af því. Fólk sem fer út í heimildamyndagerð á einnig hættu á því að taka einungis viðtöl við fólk sem það þekkir og enda á því að verða of sammála því. Loks getur það líka endað á því að viðtölin sem birtast í lokaverkinu eru einungis þau sem höfða til leikstjórans.⁵² Annað vandamál sem þessi miðill býður upp á er túlkun áhorfandans. Heimildamyndir í samtímanum eru yfirleitt byggðar upp í kringum röð af viðtölum við marga ólíka einstaklinga. Slík miðlun getur þó verið vafasöm vegna þess að áhorfandinn á hættu á því að trúa öllu sem viðmælandinn segir. Stór hluti jarðarbúa fá upplýsingar úr heimildamyndum og öðru heimildaefni og form heimildamyndarinnar segir í raun að „viðmælandinn lýgur aldrei“. Ef fólk trúir því að allir viðmælendur segja alltaf satt og að þessi miðlunarleið birti alltaf hlutlæga og sanna mynd af viðfangsefni sínu þá hefur þessi miðlun gríðarlega mikið vald. Þess vegna er mikilvægt að gagnrýna heimildamyndir, aðra fjölmiðla og hverskonar miðlun til koma í veg fyrir að of mikið vald fari í fáar hendur. Reyndar gefa heimildamyndir áhorfandanum yfirleitt rými til túlkunar nema um skýringarmyndir með sögumanni sé að ræða en slíkt form heimildamynda ætti að vera liðið undir lok.⁵³

⁵¹ Eggert Þór Bernharðsson og Gunnar Þór Bjarnason, *Sjón og saga*, 55, 57, 60.

⁵² Nichols, *Introduction to documentary*, 9-10; Nichols, *The voice of documentary*, 26.

⁵³ Nichols, *The voice of documentary*, 24; ⁵³ Ruby, *The ethics of imagemaking: or, “They’re going to put me in the movies. They’re going to make a big star out of me...”*, 218-219; Eggert Þór Bernharðsson og Gunnar Þór Bjarnason, *Sjón og saga*, 54.

Vinnuferli

Vinnuferlið stóð yfir í átta mánuði eða frá janúar 2015 fram í september 2015. Upphaflega áætlunin mín var að klára verkefnið á einni önn en ég fresti því fram í október vegna þess að með lokaverkefninu tók ég áfangann *Heimildamyndir (HMM 220F)* og ákvað að gera allt annað verkefni í þeim kúrs. Verkefnið mitt hefur tekið stakkaskiptum frá því að ég ræddi fyrst hugmyndir mínar við leiðbeinenda minn, Höllu Kristínu Einarsdóttur, í nóvember 2014. Verkefnið hefur reyndar alltaf átt að fjalla um hvernig þekkingu er miðlað á byggðasöfnum með áherslu á persónulega leiðsögn en formið á heimildamyndinni hefur breyttist töluvert í gegnum ferlið.

Aðdragandi og rannsókn

Ég fékk hugmyndina um að gera lokaverkefni um miðlunarleiðir á byggðasöfnum og sögusýningum vegna þess að ég vann sem leiðsögumaður á byggðasafninu í Skógum sumarið 2014. Ég hef einnig velt því mikið fyrir mér þessum mismunandi leiðum sem til eru til að afla sér þekkingar á slíkum stofnunum og muninum á þeim. Það komu stundum dagar á Skógum þar sem ég spurði sjálfan mig hvers vegna það væri ekki hljóðleiðsögn á safninu. Af hverju það væri verið að þræla úti starfsmanni til að stikla á stóru úr íslenskri sögu og menningu fyrir hóp sem hann myndi aldrei sjá aftur. Persónuleg leiðsögn hefur vissulega sína kosti og galla líkt og allar miðlunarleiðir söfnum og sýningum.

Í vinnuferlinu hélt ég dagbók og skrifaði hjá mér um flesta daga sem ég vann í verkefninu og hvað ég gerði, hvernig það gekk og svo framvegis. Fyrir verkefnið skissaði ég upp Gantt rit til þess að gefa mér yfirsýn yfir framvindu verkefnisins sem má sjá í viðauka IV. Auðvitað hefur það ekki staðist en það hjálpaði mér samt mikið til að fá heildaryfirlit yfir verkefnið og henti líka reiður á óvissuna og óskipulagið þegar ég tók verkefnið að mér. Samkvæmt Gantt ritinu mínu stefndi ég á að klára heimildamyndina mína á einni önn. Ég áætlaði gróflega að taka eins og eina viku í að tala við fólkið á söfnunum, fá leyfi og finna viðmælendur ásamt því að skrifa beinagrind að ritgerðinni og skrifa upptökuhandrit. Síðan áætlaði ég að byrja upptökur í lok janúar og klára þær um miðjan febrúar. Eftir tókurnar stóð til að senda út spurningakönnun á háskólanema og grófklippa efnið. Næstu þremur mánuðum skipti ég nokkuð jafnt upp í klippingu og vinnu í greinagerðinni. Samkvæmt þessu plani áætlaði ég að útskrifast um vorið 2015 en endaði á að fresta því fram í október sama ár til þess

að létta á álaginu. Með lokaverkefninu var ég nefnilega að taka 10 eininga kúrsinn *Heimildamyndir (HMM 220F)* og þetta hefði verið ansi mikil vinna ef ég ætlaði að klára hann ásamt lokaverkefninu á einni önn. Ég fór einnig að ráðum Höllu Einarsdóttur að samtvinnu þann áfanga ekki við lokaverkefnið mitt eins og ég ætlaði að gera. Ég er mjög ánægður með þá ákvörðun og held ég hafi lært mun meira um heimildarmyndir fyrir vikið.

Eftir að ég hafði skissað upp Gantt ritið fékk ég góða yfirsýn yfir vinnuna sem var eftir og hófst strax handa. Ég áætlaði að taka fyrir fjögur söfn í byrjun og velja tvö söfn sem höfðu meiri áherslu á leiðsögn, eitt sem lagði áherslu á tölvutækni og margmiðlun og loks eitt sem lagði meira upp úr veggspjöldum með texta og myndum. Söfnin sem ég taldi vera upplögð fyrir söfn sem lögðu meiri áherslu á leiðsögn voru byggðasafnið í Skógum og Árbæjarsafn vegna þess að þau auglýsa sig bæði sem slík söfn. Einnig vegna þess að sumarið 2014 vann ég sem leiðsögumaður á byggðasafninu í Skógum og þekkti safnið og starfsmennina vel. Ég valdi Landnámssýninguna á Aðalstræti í verkefnið vegna nýstárlega miðlunarleiða á safninu en þar er mikið stuðst við tölvutækni og margmiðlun. Loks valdi ég byggðasafn Árnesingja vegna þess að miðlunarleiðin þar leggur mestu áherslu á muni, texta og myndir. Ég bar verkefnið mitt undir félagi minn Anton Sturlu Antonsson sem hafði mikinn áhuga á því og kvikmyndagerð og var mikið til í að aðstoða mig við gerð myndarinnar. Þann 19. janúar hringdi ég í söfnin til að finna viðmælendur og hvort þau væru yfirhöfuð til í að hjálpa mér áður en ég fór að skrifa upptökuhandritið. Ég var einnig ólmur í að fá viðtal við Þórð Tómasson sem átti einn mestan þátt í því að stofna byggðasafn í Skógum og hefur nánast verið með því frá upphafi og veitt gestum og gangandi leiðsagnir um safnið. Þórður var reyndar kominn á níttugastaogfjórða aldursár á þeim tíma sem ég gerði verkefnið og því byrjaði ég á því að hringja í Sverri Magnússon sem er framkvæmdastjóri Skógasafns og góðvinur Þórðar. Sverrir tók vel í lokaverkefnið mitt og sagði mér að ég þyrfti að athuga með Þórð sjálfur ef hann væri til í það ljá mér viðtal en Þórður er mjög ern þrátt fyrir háan aldur. Ég hringdi í Þórð og hann tók vel í beiðni mína mér til mikillar ánægju. Ég hringdi einnig í Tinnu Kvaran sem er starfandi leiðsögumaður við byggðasafnið í Skógum og hún var til í að leggja framlag sitt í verkefnið. Á Árbæjarsafni þekkti ég einn fyrrum nemandu úr hagnýtri menningarmiðlun, hann Sigurlaug Ingólfsson og ég athugaði hvort hann væri til í að taka þátt í verkefninu og hann tók vel í það. Ég þekkti reyndar ekki mikið til á Landnámssýningunni en ég hringdi og fékk samband við Jón Pál Björnsson sem er fræðslustjóri sýningarinnar og hann var meira en til í að hjálpa mér. Loks hringdi ég í Lýð Pálsson sem er forstöðumaður byggðasafns Árnesingja en það kom í ljós að á því safni er boðið upp á leiðsagnir fyrir hópa og aðal miðlunarleiðin var ekki sú sem ég bjóst við. Þarna var komið upp vandamál en í

staðinn fyrir að nota byggðasafn Árneshöfn sem part af verkefninu mínu hringdi ég í Björn Pétursson bæjarminjavörð Hafnarfjarðar og spurði hvort hann væri til í að koma í viðtal vegna þess að ég vissi að á byggðasafni Hafnarfjarðar er að mestu stuðst við texta og skýringamyndir. Björn var fús í að aðstoða mig og þá var þetta vandamál leyst. Eftir að ég lauk við að finna alla viðmælendur mína fyrir myndina hófst ég handa að skrifa upptökuhandrit. Það handrit má sjá í viðauka I og þar sést greinilega hvernig upprunalegu hugmyndir mínar um myndina breyttust.

Upptaka

Að bóka viðmælendur mína í viðtal var meira en að segja það. Það voru margir þættir sem voru háðir hvor öðrum hvort viðtalið myndi heppnast eður ei. Í fyrsta lagi þurfti að finna tíma með viðmælandanum, svo þurfti að athuga hvort upptökuvél væri laus hjá Gretti Sigurjónssyni tæknimanni skólans. Að lokum þurfti ég að athuga hvort félagi minn Anton Sturla Antonsson hefði tíma aflögu til að aðstoða mig og þar að auki þurfti helst líka að vera gott veður fyrir b-efnið. Allir þessir þættir spiluðu saman og það hefði verið ómögulegt að taka viðtölin ef einhver þessara þátta klikkuðu, fyrir utan veðrið kannski. Ég reyndi að sporna gegn því með að vera skipulagður og taka upp myndefni fyrir stærstan hluta myndarinnar í lok janúar og byrjun febrúar vegna þess að ég ímyndaði mér að vélarnar væru ekki í mikilli notkun þá. Það reyndist vera rétt hjá mér, nemendur í öðrum kúrsrum á borð við *Heimildamyndir (HMM 220F)* og *Gerð kvikra smámynda (HMM227F)* voru ekki enn byrjaðir að vinna í sínum verkefnum og ég fékk alltaf vél þegar ég bað um hana, jafnvel með stuttum fyrirvara. Þegar ég pantaði upptökuvélina reyndi ég líka alltaf að fylgjast með veðrinu en veðrið í febrúar var ekki að vinna með mér, það var mjög oft skýjað og grámyglulegt úti og á sólardögum reyndist oft erfitt að vinna í vetrarsólinni.

Það hafði liðið þónokkur tími frá því að ég tók upp efni á upptökuvél og ég tók góðu ráði Ármanns Gunnarssyni að taka einn prufudag í upptöku. Ég pantaði upptökuvél þegar búið var að spá heiðskíru og sól þann 30 janúar 2015. Þann dag ætlaði ég mér þó nokkuð mikið, ég ætlaði að nýta góða veðrið og taka b-efni af byggðasafni Hafnarfjarðar, Árbæjarsafni og af Landnámssýningunni. Ég lenti strax í veseni með fókusinn og vetrarsólina, skugginn af sjálfum mér var oft til vandræða í tókunum. Þetta var einnig fyrsti dagurinn minn með sony xd upptökuvélina og ég var ennþá frekar óreyndur á hana. Ég lenti í veseni við að stilla fókusinn vegna þess að fókus skífan var líklega stillt fyrir sjálfvirkann fókus og ég var að nota handknúinn eða „manual“ fókus eins og mér var kennt. Það sem gerðist var að það skipti

engu máli hvað ég snéri skífunni mikið, upptakan var alltaf úr fókus. Þegar ég var kominn upp á Árbæjarsafn náði ég að ýta skífunni á sinn stað og gat því farið að stilla fókusinn sjálfur. Á Árbæjarsafninu fann ég að ég var orðinn mjög þreyttur á að bera upptökuvélina og þrífótinn einn út um allt að taka b-efni en ég harkaði það samt af mér. Loks fór ég á Landnámssýninguna við Aðalstræti og myndaði b-efni af byggingunni fyrir utan og reyndi að nýta síðustu sólargeisla dagsins. Þegar ég var kominn tilbaka út í skóla og búinn að setja efni dagsins inn á tölvuna tók ég eftir því að það var nánast allt ónothæft. Það voru nothæf skot af öllum söfnunum og skotin á Landnámssýningunni heppnuðust furðuvel en meirihlutinn af dagsvinnunni var ónýtur. Þetta var mjög gremjuleg reynsla en ég lærði mikilvæga lexíu þennan dag. Það sem ég lærði var það að maður ætti ekki að ætla sér að gera of mikið og frekar að gefa sér góðan tíma í tókurnar og njóta þeirra í stað þess að reyna rumpa þeim af.

Eftir þennan eina þrífudag hóf ég strax handa á viðtölum. Ég passaði að senda viðmælendum mínum alltaf tölvupóst með spurningum fyrir viðtalið til að þau gætu undirbúið sig. Í tölvupóstinum gerði ég þeim líka grein fyrir að þetta væri ekki bein útsending og það væri allt í lagi að gera eins mörg mistök og þau vildu. Mánudaginn 2. febrúar fór ég með Antoni Sturlu Antonssyni félagamínunum á Landnámssýninguna. Ég bjóst við hörmungum miðað við hvernig síðastliðinn föstudagur gekk hjá mér en til allra furðu gekk þetta eins og í sögu. Viðmælandi minn var Jón Páll Björnsson fræðslustjóri sýningarinnar og við byrjuðum á að tala við hann þar sem hann var að vinna afsíðis að undirbúa sýningargripi fyrir grunnskólahópa. Jón var búinn að ákveða að viðtalið færi fram inn á kaffiteríu safnsins og Anton og ég fórum þangað og byrjuðum að undirbúa viðtalið. Ég fann fljótt fyrir háværu suði sem ég hélt í fyrstu að kæmi frá tölvunum í herberginu. og talaði við Jón um að fá að slökkva á tölvunum á meðan viðtalinu stóð og það var lítið mál. Það kom svo í ljós að þetta hljóð var alls ekki frá tölvunum heldur var þetta loftræstingin. Ég spurði fyrir hvort það væri möguleiki að slökkva á loftræstingunni á meðan viðtalinu stóð en það var ekki hægt nema að taka hana úr sambandi fyrir alla bygginguna og starfsmenn Landnámssýningarinnar voru ekki hrifnir af því.

Eftir að hafa lent í vandræðum með staðsetninguna datt mér eitt í hug. Ég stakk upp á því að við myndum mynda viðtalið á vinnustofunni þar sem Jón var þegar við hittum hann en þar var ekki eins mikill hávaði og lýsingin var töluvert betri. Jón Páll fólst á það og við stilltum upp upptökuvélinni, hljóðnemanum og ljósinu á sinn stað. Ég fann fyrir því að þegar viðmælandinn horfir á mann stilla öllu upp og undirbúa allt fyrir upptökur verður maður að passa sig að verða ekki stressaður. Stress og fljótfærni er ekki eitthvað sem maður þarf þegar það eru það margir hlutir sem maður þarf að vera passa. Eitt vandamál við þennan stað var að

hann var staðsettur rétt fyrir aftan eitt margmiðlunartækið sem var staðsett fyrir utan herbergið og við urðum að stoppa viðtalið þegar gestir fóru að nota það. Til allra hamingju gerðist það ekki oft og við héldum alltaf áfram ótrauðir. Annað vandamál var það að ljóskastarinn sem við vorum með truflaði sjálfvirka ljósakerfið inn í herberginu og ljósinn í herberginu slökktu á sér eftir ákveðinn tíma. En þetta heppnaðist að lokum allt, Jón var stutturður en hnitmiðaður í svörunum sínum. Ég held hann hefði ekki verið eitthvað slakari þó við hefðum verið með honum í tvo eða þrjú tíma til viðbótar, þannig skildi ég hann að minnsta kosti. Eftir viðtalið tók ég mikið b-efni inn á safninu sjálfu og talaði við fólk sem var að nota margmiðlunartækni safnsins og fékk leyfi að mynda það. Fólk tók almennt vel í að ég myndaði það í miðri safnskoðun og gekk þessi dagur furðuvel miðað við fyrri tökudaginn. Ég tók reyndar eftir því að í viðtalinu hefðum við mátt hafa Jón meira inn í rammanum en það varð ansi mikið bil milli hans og efri hluta rammans. Í viðtalinu var einnig loftljós sem truflaði skotið aðeins sem hefði mátt komast hjá hefðum við fært vélinu aðeins nær honum. Fyrir utan þessi atriði gekk dagurinn mjög vel.

Áfram hélt ég í upptökum og miðvikudaginn fjórða febrúar hafði ég bókað viðtal við Sigurlaug Ingólfsson upp á Árbæjarsafni. Um morguninn fór ég einn uppeftir og tók b-efni af húsunum og landslaginu fyrir utan. Það gekk ágætlega en það var ansi bjart og ég notaði sterkara np-skyggnið í flestum skotunum. Þegar ég ætlaði að ná í Anton um þrjú leitið kom í ljós að hann var að fara í heimapróf í vikunni og vildi helst vera heima hjá sér að læra. Ég náði þó að sannfæra hann um að koma með vegna þess að ég hafði engan annan upptökumann gegn því að við myndum bara taka upp viðtalið og ekkert b-efni eftir það. Við byrjuðum að stilla upp græjunum í Dillon húsinu svokallaða en við fundum ekki nóg og góðan bakgrunn. Sigurlaugur spurði okkur þá hvort við vildum fá heimilislegra skot og við svöruðum því játandi. Eftir það færðum við okkur yfir í Suðurgötu 7 en það hús sýnir lifnaðarhátt heldri fjölskyldu í Reykjavík í byrjun 20. aldar og fundum stað við borð og kamínu í bakgrunn. Samkvæmt handritinu mínu vildi ég líka stilla viðmælendum mínum upp í vinstra og hægra hornið til skiptis þannig að það myndi myndast umræðugrundvöllur í myndinni. Við lentum í smá veseni að reyna koma Sigurlaugi fyrir í vinstra hornið en það gekk loks. Ég var ekki eins stressaður að stilla upp með Sigurlaugi vegna þess að ég þekkti hann örlítið og hann hefur líka lagt stund á hagnýta menningarmiðlun upp í Háskóla. Viðtalið gekk vel og við renndum í gegnum það í einni töku. Sigurlaugur var mjög hjálpsamur og sagði mér að tala við Ármann um kvöldvöku sem var mynduð á Árbæjarsafni vegna þess að Sigurlaugur fjallaði um hana í viðtalinu. Hann bauð mér einnig að koma með í leiðsögn um safnið og mynda hvernig hún fer fram sem og ég gerði tveimur dögum eftir viðtalið.

Safnanótt var haldin hátíðleg föstudaginn 6. febrúar og þá var stór dagur framundan hjá mér. Ég var ég svo heppinn að fá að mynda leiðsögn hjá Sigurlaugi upp í Árbæjarsafni og hitti hann klukkan eitt upp á safni. Það voru aðeins tveir gestir mættir í leiðsögn en það voru bresk hjón og þau höfði ekkert á móti myndatöku. Þau nefndu það við okkur að sonur þeirra sé mikið í upptökum og í myndbandagerð fyrir Jamie Oliver og það var mjög heppilegt að lenda á þeim. Við byrjuðum leiðsögnina út í kirkjunni og ég byrja að stilla upp upptökuvélinni á þrífót. Út í kirkju komst ég að því batteríð í upptökuvélinni var aðeins hálf hlaðið og ég bjóst við því að dagurinn væri ónýtur en hafði hugsað mér að reyna þó að taka upp einhvern hluta af leiðsögninni. Þegar við vorum út í kirkju og ég var búinn að stilla upptökuvélinni upp bættist einn þýskur ferðalangur með í leiðsögnina og hann hafði heldur ekkert á móti upptöku. Eftir kirkjuna fórum við upp í Árbæ og í gegnum fjósið. Gekk frekar erfiðlega að mynda þar vegna þrengsla. Það lagaðist þó þegar við fórum upp í baðstofu og þar tók sýndi Sigurlaugur hvernig tóvinnan var unnin áður fyrr, kembdi og spann á snældu. Áfram héldum við í verkamannahúsið og ég reyndi alltaf að slökkva á upptökuvélinni þegar ég var ekki að taka upp. Við enduðum leiðsögnina síðan í Suðurgötu 7, sama húsi og viðtalið við Sigurlaug fór fram í. Sigurlaugur lék allar listir sínar í leiðsögninni og endaði hún á því að verða mun lengur en upphaflega var áætlað. Leiðsögnin varð um klukkutími og 40 mínútur en yfirleitt eru þær um klukkutími að lengd. Ótrúlegt en satt þá entist batteríð í upptökuvélinni allan tímann og gott betur en það vegna þess að ég tók viðtal við breska ferðamanninn Douglas Carr um miðlunarleiðir á söfnum og það heppnaðist mjög vel. Eftir þetta hélt ég heim á leið, setti batteríð í hleðslu en það var þó mikið eftir af deginum vegna þess að safnanóttin var eftir.

Á safnanótt var meðal annars opið hús í byggðasafni Hafnarfjarðar og þangað fór ég til að mynda b-efni og kynna mér safnið aðeins betur. Ég fann að ég var orðinn þreyttur en ákvað að harka af mér vegna þetta var svo gott tækifæri til að mynda safnið að innan. Aðalsýningarhúsnæði safnsins, Pakkhúsið svokallaða, var því miður lokað vegna vatnsskemmda og Sievertsen húsið og Beggubúð voru einu húsin sem voru opin. Fyrir tókurnar hitti ég á Björn Pétursson sem ég ætlaði síðar að taka viðtal við og spjallaði við hann um safnið, ástandið á því og verkefnið mitt. Við höfðum síðan mælt okkur mót með viðtal næstkomandi mánudag. Björn féllst líka á það að leyfa mér að mynda b-efni inná pakkhúsinu fyrir viðtalið á annarri og þriðju hæð en á jarðhæð var allt á rúí og stúi vegna vatnsskemmdanna.

Eftir annasama viku héldum við Anton áfram að taka upp og nú var komið að viðtali við Björn Pétursson. Hann hleypti okkur inn í pakkhúsið einum og hálfum tíma áður en viðtalið hófst upp á að við gætum tekið b-efni. Það gekk vel að mynda b-efnið og ég leyfði

Antoni líka að taka upp. Anton var líka hjálpsamur að koma með ábendingar um góð skot. Þegar var komið að viðtalinu ákváðum við að halda okkur bara í Pakkhúsinu og við fundum góðan stað í safninu í sem sýndi gamlabæjarbíóið. Okkur fannst upplagt að hafa Björn í bíósæti í viðtalinu og það var líka heppilegur bakgrunnur fyrir aftan hann. Viðtalið gekk vel fyrir sig, Björn var skýr og stutturður. Eftir viðtalið komumst við reyndar að því að það sást örllítið í hljóðnemann inn í skotinu sem var alveg skiljanlegt vegna þess að Björn var í dökkum buxum sem gerði það erfitt að greina það í tókunum. Annað sem ég tók eftir var að ég sat vitlausu megin við myndavélina, í skotinu sjálfu var Björn í vinstra horninu og snéri höfðinu til vinstri og talaði úr rammanum. Ég gerði mér grein fyrir því að þetta viðtal var ekki nothæft út af þessum ástæðum. Það hefði mögulega verið hægt að laga þetta og þetta hefði alveg virkað inn í myndina en ég vildi gera þetta aftur fyrir sjálfan mig. Ég var ekki alveg nóg og ánægður með þetta. Ég fann að streitan var farin að setja strik í reikninginn, ég hafði ætlað mér allt of mikið. Daginn eftir hringi ég í Björn og segi honum hvað gerðist, ég sagði að þetta væri mjög leiðinlegt en útskýrði fyrir honum að slíkt kemur fyrir. Til allra hamingju var Björn til í að taka viðtalið upp aftur mánudaginn eftir viku.

Það var tiltölulega auðvelt að skreppa í tókur fyrir bæði söfnin og Landnámssýninguna vegna þess að þau voru öll á höfuðborgarsvæðinu en það gildi ekki um Skógasafn. Ég vissi að dagurinn sem Anton og ég færum á Skóga yrði erfiður vegna þess að ég hafði áætlað að taka tvö viðtöl þar ásamt b-efni fyrir þau bæði. Skógar eru í um tveggja tíma fjarlægð frá Reykjavík og ég hafði ekki mikla löngun að fara þangað oft, bæði vegna bensínkostnaðar og vegna tímans sem tekur að keyra þangað. Á miðvikudaginn 11. febrúar var spáð góðu veðri á Skógum og ég hringi í Þórð og Tinnu og þau eru til allra hamingju til í að taka viðtalið þá. Anton var einnig tilbúinn að koma með mér og daginn áður fer ég út í búð og byrgi mig upp af nesti og orkudrykkjum fyrir ferðina. Við lögðum af stað klukkan níu og vorum komnir á Skóga um ellefuleitið. Veðrið var ekkert sérstakt þannig við byrjuðum á því að heilsa upp á fólkið á safninu og taka nokkur skot inni. Tinna var síðan alveg til í viðtalið stuttu eftir það og við fundum stað inn í sjósóknardeildinni á safninu til að taka viðtalið. Við vorum mjög varkárir að passa að hljóðneminn sæist ekki í skotinu og viðtalið gekk vel. Það kom reyndar fyrir að hún vissi ekki alveg hvert hún átti að horfa þegar viðtalið var byrjað og hún leit oft í upptökuvélina. Við báðum hana pent að horfa frekar á mig en fyrir utan þetta þá gekk viðtalið vel. Eftir það fór ég að taka b-efni inn á safninu og skaust út öðru hverju þegar veðrið leyfði til að taka skot af útihúsunum og inn í þeim. Þannig gekk þetta fram eftir degi þar til mjög stór hópur kom í leiðsögn um safnið. Tinna hafði ekkert á móti því að ég tæki upp leiðsögnina hennar en vegna þess að það voru um 50 manns í hópnum þá vildi hún meina að það væri

tilgangslaust að reyna spyrja fólk um leyfi fyrir upptökunni. Ég kom mér fyrir á stað þar sem ég hafði yfirsýn yfir salinn og inn streymdi fólkíð og sá síðan að það var í upptöku. Mér leið nú eins og ég væri að gera þeim grikk með því að taka þau upp í leyfisleysi. Ég reyndi að tilkynna þeim að þetta væri fyrir skólaverkefni í lokin og þau sem heyrðu í mér voru alveg sátt með það. Eftir leiðsögnina drifum við okkur út til þess að ná nokkrum skotum af Skógafossi áður en sólin yfirgaf okkur.

Eftir tókurnar á byggðasafninu var viðtal við Þórð Tómasson næst á dagskrá. Við hittum hann heima hjá honum og hann tók vel á móti okkur. Við byrjuðum að stilla upp en sætið sem hann valdi sér var beint fyrir aftan glugga og sólin skein inn á hann. Það kom mjög illa út í vélinni og ég bað hann um að færa sig í annan hægindastól og hann gerði það. Þórður talaði mikið um stofnun safnsins og var kannski ekki alveg hnitmiðaður að því sem ég vildi fjalla um. Á meðan viðtalinu stóð var ég orðinn smeykur hvort þetta væri of mikið álag fyrir mann sem var kominn á 94 aldursár. Í heildina gekk viðtalið vel fyrir sig og hann var mjög kurteis og hleypti okkur ekki út fyrr en við höfðum kvittað í gestabókina. Þá tók við heimleiðin og við vorum komnir aftur til Reykjavíkur um níu leitið.

Mánudaginn 16. febrúar fórum Anton og ég til Hafnarfjarðar til að endurtaka viðtalið sem klúðraðist í vikunni áður. Virkilega nett af Birni að hitta aftur á okkur og í þetta sinn pössuðum við vel að enginn hljóðnemi væri í skotinu. Þetta gekk vel fyrir sig enda var ekkert mál að finna stað og stilla upp og Björn vissi alveg hvað hann ætlaði að fjalla um. Í þessu viðtali var ég aðeins slakari og spjallaði við hann inn á milli spurninga og ég sá að það bar góðan árangur. Það kom margt fram í þessu viðtali sem kom ekki í ljós fyrir viku, Björn var líka aðeins afslappaðri og léttari í lundu, væntanlega vegna þess að ég var það líka. Ég skoðaði viðtalið seinna um daginn og sá að lýsingin var betri og það heppnaðist yfirhöfuð aðeins betur eða ég taldi mér að minnsta kosti trú um það. Þá höfðum við Anton lokið að taka öll viðtölin og þó að eitt viðtal af fimm hafi klikkað þá er það ágætishlutfall.

Góðu veðri hafði verið spáð fyrir þriðja mars og ég athugaði hvort upptökuvél væri laus. Ég fékk reyndar ekki sömu vél og ég var vanur að fá en ég fékk nýrri sony vélina eða þá sem við kölluðum „litlu“ sony. Ég byrjaði daginn á tókum á b-efni af öllum húsum á byggðasafni Hafnarfjarðar. Ég lenti í vandræðum með að stilla „white balance-inn“ og urðu því fyrstu tókurnar sem ég tók ekki nothæfar. Sem betur fer tók ég eftir því og endurtók það sem hafði farið úrskeiðis. Þegar ég var búinn að mynda í Hafnarfirði stóð til að taka upp inngangsatriði fyrir myndina og hugmyndin var að kynna hana fyrir framan Þjóðminjasafnið. Ég náði í Anton til þess að vera á vélinni og við komum okkur fyrir framan safnið. Við notuðum hljóðnemann á myndavélinni og annað upptökutæki sem ég hafði á mér sem tók upp

hljóð á annarri rás. Þegar ég var búinn að fara með textann sem ég hafði skrifað nokkrum sinnum fann ég að hann var of langur þannig ég styttaði hann töluvert. Þegar við vorum í miðjum tökum kom starfsmaður frá Þjóðminjasafninu út og spurði hvað við værum að gera. Hann samþykkti hvað við vorum að gera gegn því að þetta væri skólaverkefni. Stuttu eftir það kom rúta og lagði beint fyrir framan skotið okkar þannig við fórum og fengum okkur kaffi. Eftir að safnið lokaði hófumst við aftur handa og við tókum þetta nokkru sinnum upp aftur. Ég lenti í vandræðum með hendurnar á mér, ég vissi ekki hvað ég ætti að gera við þær og mér var líka kalt á þeim þannig í mörgum skotum var ég að nudda þeim saman. Ég áttaði mig á því og reyndi að slaka á þeim sem gekk eftir og við náðum töku sem ég var sáttur með.

Það leið dágóður tími þar til ég fór aftur í tölur en þess á milli reyndi ég að nota tímann til að grófklippa efnið og vinna í greinagerðinni. Það var ekki fyrr en 22. apríl að ég fór aftur í tölur. Ég fékk Anton með mér í lið, ég fékk hann til að labba um Landnámssýninguna með hljóðleiðsögn og myndaði það vegna þess að mig bráðvantaði b-efni fyrir hljóðleiðsagnir. Ég tók einnig upp skot af erlendum ferðamönnum í rútum vegna þess að Þórður talar um erlenda ferðamenn og mér fannst upplagt að eiga til efni af því. Eftir að hafa séð kynningaratriðið mitt þá áttaði ég mig á því að það hljóðið var of lélegt til að nota það þannig ég tók atriðið aftur og fékk að vera inni á Þjóðminjasafninu. Ég fór líka í Verzlunarskóla Íslands vegna þess að mig vantaði efni frá „ungdóminum“ í landinu í sambandi við það að sú kynslóð þekkir ekki lengur gömlu íslensku þjóðmenninguna. Daginn eftir var sumardagurinn fyrsti og ég nýtti mér tækifærið til að taka smá b-efni við tjörnina í Reykjavík sem kom vel út. Sama dag tók ég líka afrit af heimildamyndinni og öllu heila klabbinu yfir á annan harðan disk.

Síðasti tökudagur fyrir myndina var miðvikudagurinn 6. maí og þá stóð til að taka upp lokaatriðið þar sem ég fer yfir svona helstu niðurstöðurnar sem ég komst að. Ég fékk aftur leyfi að vera á efstu hæðinni í Þjóðminjasafninu en upptakan gekk alveg merkilega illa. Ég veit ekki hversu oft ég reyndi að fara með þennan stutta texta en allt kom fyrir ekki. Það tókst sem betur fer að lokum en atriði sem átti að taka tíu mínútur endaði á því að taka um hálf tíma.

Eftirvinnsla

Eftirvinnslan í þessu verkefni skiptist í rauninni í tvennt, annarsvegar í klippingu og frágangi á myndinni og hinsvegar í þessa greinagerð um verkefnið. Á tímabilinu frá 8. mars til 17. mars las ég og glósaði allar fræðilegu greinar um heimildamyndir sem voru settar fyrir áfangann *Heimildamyndir (HMM 220F)* og gott betur en það. Því næst byrjaði ég að skrifa um heimildamyndir og skilgreina þær bæði út frá sem flestum sjónarhornum. Eftir skrifin tók ég smá pásu frá lokaverkefningu og einbeitti mér að hinum áfanganum sem ég var í.

Þriðjudaginn 7. apríl byrjaði ég að klippa til viðtölin en gekk frekar brösuglega og á þessum tímapunkti hafði ég hugsað að klippa myndina á þann veg að taka bara eitt safn og einn viðmælenda fyrir í einu og fara síðan yfir á næsta stað og framvegis. Daginn eftir kláraði ég að grófklippa viðtölin en viðmiðið að hafa þau ekki lengur en 5 mínútur gekk ekki alveg eftir og sum voru um mínútu lengri.

Fimmtudaginn 9. apríl fór ég í tíma í heimildamyndum og fattaði eftir tímann að það eru engar heimildamyndir byggðar upp í dag eins og ég vildi hafa hana. Nánast allar heimildamyndir samtímans styðjast aðferð þar sem eitt viðfangsefni er tekið fyrir og skipt á milli viðmælenda og skoðunum þeirra um efnið. Ég prufaði því að gera þetta við viðtölin sem ég var búinn að grófklippa og það kom vel út og eftir þetta ákvað ég að nota þessa aðferð. Fimmtudaginn 16. apríl gaf Ármann mér efni af Árbæjarsafni sem ég gat notað fyrir b-efni í myndinni, meðal annars kvöldvöku sem Sigurlaugur talar um í viðtalinu í sambandi við að endurskapa fortíðina. Hann gaf mér líka efni af starfsfólki í búningum og fleira efni sem mig vantaði nauðsynlega fyrir b-efni. Ég lét hann í staðinn fá allar upptökurnar mínar af þessum fjórum söfnum og viðtölin sem gæti meðal annars nýst honum í kynningarmyndbandagerð um hagnýta menningarmiðlun.

Föstudaginn 17. apríl hitti ég Höllu Kristínu leiðbeinanda minn og sýni henni verkefnið. Hún gaf mér góðar ábendingar varðandi klippinguna, sérstaklega varðandi það að skipta myndinni niður í kafla til að það efnið yrði skýrara fyrir áhorfandann. Hún benti mér einnig á það að hafa smá bið milli viðmælenda svo áhorfandinn geti meðtekið upplýsingarnar í smá stund áður en haldið er áfram í næsta viðfangsefni. Helgina 18.-19. apríl fór ég yfir athugasemdirnar frá Höllu og hannaði líka lógó fyrir söfnin þannig að það er skýrt hvar maður er staddur hverju sinni þegar ég skipti milli viðmælenda. Þegar nýr viðmælendi birtist kemur lógó safnsins ásamt nafni safnsins fyrir neðan það en eftir það kemur einungis lógó safnsins og nafn safnsins birtist ekki. Með þessari leið hefur áhorfandinn vonandi betri yfirsýn yfir það hvar viðmælendinn starfar og er staddur hverju sinni. Ég skipti líka myndinni í fjóra megin

kafla ásamt því að vera með inngang og niðurlag. Kaflarnir eru eftirfarandi: *Hljóðleiðsagnir*, *Endursköpun á fortíðinni*, *Leiðsagnir* og *Skoðanakönnun* og ég fer í gegnum kosti og galla hverjar miðlunarleiðar fyrir sig. Það skýrir ennþá betur framvindu myndarinnar fyrir áhorfandann og þá er enginn vafi um hvert umræðuefnið er.

Fram í lok apríl fínþússaði ég myndina, lagaði viðtölin, bætti við b-efni og bætti við tónlist. Ég notaði tónlistina sem fylgdi með klippiforritinu svokallaða lagstúfa (e. jingles) og það kom ágætlega út. Eftir að ég setti tónlistina undir sá ég hversu gríðarleg áhrif hún hefur á það hvernig maður upplifir myndina. Það er enginn vandi að kalla fram alls kyns tilfinningar með tónlist sama hvert myndefnið er. Ég samdi ekki tónlist fyrir þessa mynd né keypti hana en það var aðallega vegna þess að ég hafði hvorki fjármagn né tíma í það. Hinsvegar ef einhver myndmiðill vill kaupa myndina af mér þá væri enginn vandi að setja aðra tónlist undir.

Í maí vann ég í greinagerðinni og bætti við örðum fræðilegum kafla um söfn, setur og sýningar og las fræðigreinar og glósaði upp úr þeim. Ég reyndi að leita ekki langt yfir skammt og reyndi að finna bækur og greinar sem ég hafði lesið í náminu. Þá kom lesefnið úr áfanganum *Faglegt starf safna (SAFOIIF)* að góðum notum en hann tók ég á vorönn 2014. Eftir að ég kláraði þann kafla mestmegnis tók við hjá mér sumarvinna í Viðey í leiðsögumennsku og umsjón á vinnuhóp. Ég þurfti að undirbúa mig fyrir það starf og ég geymdi verkefnið í dágóðan tíma, bæði greinagerðina og heimildamyndina. Það var ekki fyrr en tveim mánuðum seinna sem ég hófst aftur handa við að klára verkið. Ég reyndi að fara í klippiherbergið eftir vinnu sem var oft erfitt á fallegum sumarkvöldum og ég lenti líka í erfiðleikum með að komast inn í skólann. Oddi lokaði klukkan sex á kvöldin og skólinn var lokaður um helgar. Greinagerðin var hinsvegar ekkert vandamál, ég gat gert hana hvar sem er en til að klippa myndina þurfti ég *Final Cut Pro X* sem ég hafði hvergi aðgang að nema í Odda. Sem betur fer var ekki mikið eftir af klippivinnunni og ég náði að klára hana þrátt fyrir að ég hafði ekki greiðan aðgang að forritinu.

Á lokasprettinum fór ég yfir myndina með Höllu Kristínu og eftir það ákvað ég að gera nokkrar breytingar á myndinni. Ég tók út kynningar- og lokaatriðið þar sem ég er í mynd og kynni myndina og fer yfir niðurstöðurnar í lokin. Ég tel að það styrki myndina en án þeirra finnst mér flæðið batna. Myndin lendist líka hjá mér um þrjár mínútur vegna þess að ég bætti við meira andrými fyrir áhorfendur á milli viðmælenda, það er að segja b-efni. Ég fékk einnig nokkra vini mína til að horfa á myndina og fékk góðar athugasemdir frá þeim. Eftir það gerði ég breytingar á skoðanakönnuninni og þessum lógóum sem ég hafði alltaf í horninu til að benda fólki á hvaða safni það er statt hverju sinni. Ég hef lógóin einungis í byrjun þegar nýjir viðmælendur eru kynntir og sleppi þeim síðan alfarið. Vinir mínir höfðu hvort sem er ekki góða tilfinningu fyrir því á hvaða safni þau voru stödd hverju sinni. Þá tel betra að sleppa

lógóunum og leyfa myndefninu frekar að njóta sín. Ég held líka að staðsetningin og hvar fólk vinnur þarf ekki endilega að skipta miklu máli í heildarmyndinni. Varðandi skoðanakönnunina þá sleppi ég að birta glærurnar með niðurstöðunum og hef í staðinn b-efni af fólki og söfnum og tala örstutt um hana. Það sleit vissulega flæðið að birta nákvæmar niðurstöður úr könnuninni á glærum og tel ég að þetta komi betur út svona.

Útgáfa og dreifing

Það væri vissulega gaman að geta miðlað myndinni þegar hún er fullbúin á einhvern hátt. Það var aldrei forgangsatriði að Ríkisútvarpið myndi sýna hana þó það myndi ekki skemma fyrir. Ég passaði að hafa myndina ekki of langa bæði svo áhorfendur missa ekki áhuga og einnig útaf því að stórir miðlar vilja ekki fá lengri mynd en 20 – 25 mínútur. Þegar myndin er fullkláruð ætla ég að athuga hvort Ríkisútvarpið sýni henni einhvern áhuga en ef ekki þá að reyna minni miðla á borð við ÍNN eða N4.

Eftir, eða ef, myndin verður sýnd í myndmiðlum væri hægt að reyna sýna hana í tengslum við opinbera atburði sem tengjast söfnum. Þar ber helst að nefna Safnanótt í febrúar og Safnadaginn í maí en á báðum þessum dögum er frítt í flest söfn landsins og þar er því viðeigandi grundvöllur fyrir myndina mína. Ég er líka viss um að margir sem vinna á byggðasöfnum og sögusýningum myndu sýna verkinu áhuga og að margir í þeim geira gætu lært eitthvað af henni. Það væri því upplagt að selja myndina á söfnum og sýningum, kannski byrja á þeim söfnum sem ég fjalla um í myndinni og ef það vindur upp á sig að bæta við fleiri söfnum. Samkvæmt athugasemdunum sem ég fékk úr skoðanakönnuninni minni er mörgum hjartans mál hvernig efni er miðlað á söfnum og sýningum enda snertir það hvernig erlendir ferðamenn upplifa Ísland og Íslendinga. Ég efast því ekki um að margir Íslendingar munu sýna henni áhuga. Það er heldur ekkert því til fyrirstöðu að setja enskan og jafnvel þýskan texta á myndina ef erlendir ferðamenn sýna henni áhuga.

Markhópurinn myndarinnar væri líklega fullorðið fólk, starfsmenn safna og sýninga, starfsmenn í ferðapjónustu og allir þeir sem hafa áhuga á byggðasöfnum og sögusýningum. Þegar ég sýndi fjölskyldu minni myndina þá nefndi yngri systir mín við mig að hún gæfi gott innsýn inn í þennan heim fyrir fólk sem hefur kannski ekki haft mikinn áhuga á slíkum söfnum og sýningum. Auðvitað tek ég það í myndina að fjölskyldan er ekki besta úrtakið fyrir viðhorfskönnun en mögulega var eitthvað til í þessu hjá henni.

Niðurlag

Þetta verkefni tók stakkaskiptum frá upphaflegum hugmyndum mínum, bæði hvað varðaði útfærslu á heimildamyndinni og tímanum sem ég ætlaði að gefa mér í það. Ég er þrátt fyrir það ánægður að hafa unnið verkefnið án þess að vera í tímaþröng og fengið frelsi til að gera mistök og geta lært nýja hluti.

Það er margt sem ég lærði í gegnum þetta ferli. Strax í byrjun komst ég að því að flest byggðasöfn og sögusýningar á landinu bjóða upp á leiðsagnir af einhverju tagi og reyna að hafa miðlunina sem fjölbreyttasta þrátt fyrir að slíkar stofnanir hafi oft rýran fjárhag. Það sem vakti hvað mestan áhuga minn í þessu verkefni voru niðurstöðurnar úr skoðanakönnuninni sem ég sendi út og athugasemdirnar sem ég fékk í kjölfarið. Fólk virðist hafa miklar og sterkar skoðanir á því hvernig menningu þjóðarinnar er miðlað bæði fyrir innlenda og erlenda gesti. Eftir þetta verkefni hef ég líka mun víðara sjónarhorn á miðlun þekkingar á söfnum og sýningum og geri mér grein fyrir ólíkum aðferðum sem fólk kys að nota á slíkum vettvangi.

Markmið og rannsóknarspurning verkefnisins var að kanna hvort persónulegar leiðsagnir hefðu yfirburði yfir aðrar miðlunarleiðir og finna út hvaða miðlunarleið fólk kysi á slíkum stofnunum ef það væri valfrjálst. Samkvæmt könnuninni sem ég sendi út virðast persónulegar leiðsagnir ekki vera vinsælasta miðlunarleiðin. Úrtakið úr könnuninni vildi frekar fá samanblöndu af mörgum miðlunarleiðum eða frelsi til að skoða sjálft og læra af sjálfsdáðum. Það stingur hinsvegar í stúf við það sem viðmælendur mínir fjalla um en þeir telja flestir að persónuleg leiðsögn sé heppilegasta miðlunarleiðin og skilji mest eftir hjá safngestinum. Ástæðan fyrir því gæti verið sú að stór hluti safngesta á Íslandi eru erlendir ferðamenn sem virðast oft vera hændari að persónulegri leiðsögn en Íslendingar.

Þegar ég hófst handa við verkefnið hafði ég litla þekkingu á upptöku og eftirvinnslu en lærði þeim mun meira fyrir vikið. Ég las mikið af fræðilegum greinum um heimildamyndir og horfði einnig mikið á heimildamyndir á þessu tímabili og komst að því að upphaflegar hugmyndir mínar um framsetninguna á myndinni voru gamlar og úreltar. Ég er þakklátur fyrir að hafa fengið svigrúm í gegnum ferlið til að átta mig á því og að hafa kynnst heimildamyndagerð á framsækinn hátt.

Heimildamyndir er sú miðlun sem er hvað mest vinsælust hjá fólki í samtímanum til að afla sér þekkingar. Það þarf því að passa sig á að gæta hlutlægni í allri vinnslu á þeim. Í klippiherberginu sá ég hversu auðvelt það er að afskræma viðtöl viðmælenda til að varpa ljósi á eitthvað málefni eða einfaldlega til að láta þá koma illa fram. Ég fann líka að tónlist hefur

gríðarlega mikil áhrif á kvikmyndir og sá að það er möguleiki að kalla fram nánast hvaða tilfinningu sem er með réttu tónlistinni.

Heimildamyndin mín er stutt og hnitmiðuð mynd um hvernig þekkingu er miðlað á byggðasöfnum og sögusýningum. Ég passaði að hafa hana stutta bæði vegna þess að fólk myndi ekki missa athyglina yfir henni og að viðfangsefnið höfðar kannski ekki til allra. Ég vona að þessi mynd verði sem flestum að gagni og að hún nái að vekja áhuga fólks á ríkri safnamenningu Íslands.

Heimildaskrá

- Amrose, Timothy og Crispin Paine. *Museum basics*. (3. útgáfa). London og New York: Routledge, 2012.
- Björn G. Björnsson. *Sýningagerð: Aðferðir, holrráð og fróðleikur um hönnun og uppsetningu sýninga*. Reykjavík: Salka, 2013.
- Björn Ægir Norfjörð. Einsleit endurreisn: Íslenskar heimildamyndir á nýrri öld. Í *Saga: Tímarit sögufélags*. Ritstj. Eggert Þór Bernharðsson og Páll Björnsson. Reykjavík: Sögufélag. XLVI, 2, 2008. 114-149.
- Black, Graham. Embedding civil engagement in museums. Í *Reinventing the museum: The evolving conversation on the paradigm shift*. (2. útgáfa). Ritstj. Gail Andersson. Bretland: AltaMira Press, 2012. 267-285.
- Canon EOS 5D MkII Full Preview*. 2009. Sótt 23. mars 2015 af: http://www.bobatkins.com/photography/digital/canon_eos_5D_MkII_preview.html
- Eggert Þór Bernharðsson og Gunnar Þór Bjarnason. Sjón og saga: Sagnfræðingar verða þekktja sinn vitjunartíma. Í *Ný saga: Tímarit sögufélags*. Ritstj. Gunnar Þór Bjarnason. Reykjavík: Sögufélag. IV, 1, 1990, 53-61.
- Eggert Þór Bernharðsson. Miðlun sögu á sýningum. Safna og sýningaferð um Ísland 2002-2003. Í *Saga: Tímarit sögufélags*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Páll Björnsson. Reykjavík: Sögufélag, 2003. XLI:2. 15-66.
- Ellis, Jack C. og Betsy A. McLane. *A new history of documentary film*. London: A&C Black, 2005.
- Félag kvikmyndagerðarmanna. *Heimildarmyndagerð*. Sótt 17. mars 2015 á: http://www.filmakers.is/index.php?option=com_content&view=article&id=4&Itemid=6.
- Grady, Devin, og Bob Mendenhall. *How digital filmmaking has changed the film industry*. 2014. Sótt 23. mars 2015 á: <http://gradyds.portfolio.swau.edu/files/2014/03/How-Digital-Filmmaking-has-Changed-the-Film-Industry.pdf>
- Guðbrandur Benediktsson og Rakel Halldórsdóttir. Til hvers eru söfn? Guðbrandur Benediktsson og Rakel Halldórsdóttir ræða um menntunarhlutverk safnavið David Anderson hjá Victoria and Albert Museum í London. Í *Saga: Tímarit sögufélags*. Ritstj. Hrefna Róbertsdóttir og Páll Björnsson. Reykjavík: Sögufélag, 2006. XLIV:1. 7-19.
- Hardy, Forsyth. Introduction. Í *Grierson on documentary*. Ritstj. Forsyth Hardy. Bandaríkin: University of California Press, 1966. 13-41.
- Magnús Hlynur Hreiðarsson. *Uppbygging nýs miðbæjar á Selfossi að hefjast*. 2015. Sótt 4. maí 2015 á: <http://www.visir.is/uppbygging-nys-midbaejar-a-selfossi-ad-hefjast/article/2015150329864>

- Nichols, Bill. *Introduction to documentary*. Bandaríkin: Indiana University Press, 2010.
- Nichols, Bill. The voice of documentary. Í *Film Quarterly*. Ritstj. Ernest Callenbach. Bandaríkin: University of California Press, 1983. 17-30.
- Ross, Duncan. The documentary in television. Í *BBC Quarterly*. 5:1 1950. 19-29.
- Ruby, Jay. The ethics of imagemaking: or, “They’re going to put me in the movies. They’re going to make a big star out of me”. Í *New challenges for documentary*. Ritstj. Alan Rosenthal og John Corner. Manchester: Manchester University Press, 1988. 209-219.
- Sigurjón Baldur Hafsteinsson og Böðvar Bjarki Pétursson. Ný sýn. Í *Land&synir*. 3, 1998, 4-5.
- Sigurjón Baldvin Hafsteinsson. *Heimildamyndir og siðferði*. 2005. Sótt 23. mars á: http://hafsteinsson.blogspot.com/2005_07_01_archive.html
- Swinson, Arthur. *Writing for television*. London: A. & C. Black, 1955.
- Vefsvæði Borgarsögusafns Reykjavíkur. *Árbæjarsafn*. Sótt 4. maí 2015 á: <http://www.minjasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-4205/>
- Vefsvæði Borgarsögusafns Reykjavíkur. *Landnámssýningin*. Sótt 4. maí 2015 á: <http://www.minjasafnreykjavikur.is/desktopdefault.aspx/tabid-4220>
- Vefsvæði Gagaríns. *Our work*. Sótt 11. júlí 2015 á: <http://www.gagarin.is/work/>
- Vefsvæði Gjúfrasteins, hús skáldsins. *Um safnið*. Sótt 5. maí 2015 á: http://www.gljufurasteinn.is/is/um_gljufurastein/um_safnid/
- Vefsvæði Landsbankans. *Er vöxtur í ferðaðþjónustu sjálfsagður?* 2014. Sótt 3. maí 2015 á: <http://www.landsbankinn.is/radstefnur-og-timarit/ferdathjonusta-2014/greinar/2014/03/25/Ferdathjonustan-i-fararbroddi/?newsid=98e217d3-b36d-11e3-bb08-0050568800ef>
- Vefsvæði Victoria and Albert safnsins. *Conference proceedings: interactive learning in museums of art*. Sótt 5. maí 2015 á: <http://www.vam.ac.uk/content/articles/c/conference-proceedings-interactive-learning-in-museums-of-art/>
- Vefsvæði Þjóðveldisbæjarins. *Um þjóðveldisbæinn*. Sótt 4. maí 2015 á: <http://www.thjodveldisbaer.is/um-thjodveldisbaeinn/>
- Wickström, Gustav, og Tom Bendix. "The Hawthorne effect"—what did the original Hawthorne studies actually show?. Í *Scandinavian journal of work, environment & health*. 2000, 26:4. 363-367.
- Þorsteinn Helgason. Sagan á skjánum: Sögulegar heimildamyndir fyrir sjónvarp. Í *Saga: Tímarit sögufélags*. Ritstj. Guðmundur J. Guðmundsson og Hrefna Róbertsdóttir. Reykjavík: Sögufélag, 2002. XL:2, 41-78.

Kvikmyndir sem ég fjallaði um í greinagerðinni:

Óli Prik eftir Árna Sveinsson (2015)

Iron Man 2 eftir Jon Faverau (2010)

Captain America: The First Avenger eftir Joe Johnston (2011)

Draumalandið eftir Andra Snæ Magnússon og Þorfinn Guðnason (2009)

Triumph des Willens eftir Leni Riefenstahl (1935)

Roger and Me eftir Michael Moore (1989)

Fahrenheit 9/11 eftir Michael Moore (2004)

Hlemmur eftir Ólaf Sveinsson (2001)

Myndaserían Why We fight eftir Frank Capra (1943-45)

The Fourth Estate eftir Paul Rotha (1940)

Viðaukar

Viðauki I

Miðlunarleiðir á Byggðasöfnum og Sögusýningum

Páttur leiðsögumanna á þessum stofnunum í samanburði við aðrar miðlunarleiðir

Upptökuhandrit

Sena 1:

Andri fyrir framan þjóðminjasafnið, MWS (Medium wide shot). Labba kannski aðeins um.

Komi þið sæl. Ég heiti Andri Guðmundsson og þetta er lokaverkefni mitt í hagnýtri menningarmiðlun. Ég ákvað að gera heimildamynd um miðlunarleiðir á byggðasöfnum og sögusýningum og kanna þátt leiðsögumanns í slíkri miðlun, hvort það hafi einhverja yfirburði að hafa starfandi leiðsögumenn á söfnum eða hvort fólk kysi frekar öðruvísi miðlunarleiðir. Sumarið 2014 vann ég sem leiðsögumaður á byggðasafninu í Skógum og tók hópa í leiðsagnir um safnið og sagði frá safninu og örlítið um íslenska sögu og menningu. Í þessari heimildamynd ætla ég að skoða miðlunarleiðir á þremur byggðasöfnum og einni sögusýningu það er á byggðasafninu í Skógum, á Árbæjarsafni, á Landnámssýningunni og loks á byggðasafni Hafnarfjarðar. (Í byggðasafninu í Skógum og á Árbæjarsafni er boðið upp á leiðsagnir fyrir hópa en á landnámssýningunni og í byggðasafni Hafnarfjarðar er stuðst við öðruvísi miðlunarleiðir, Landnámssýningin notar mikið gagnvirka tækni og í byggðasafninu í Hafnarfirði er engin skipulögð miðlunarleið heldur fær fólk frjálssar hendur að labba um safnið og skoða sig um.)

Sena 2:

Skot af skógafossi, þan af skógasafni, þan af torfhúsunum, skot á Drangshlíðarfjall. Þan í móttöku, skot af skipasal, skot í landbúnaðardeild, skot í náttúruminjasafninu, skot af einstökum munum, zooma á þá, zooma frá til skiptis. (Reyna að ná skoti af Tinnu þegar hún er með leiðsögn?)

Voice over: Byggðasafnið í Skógum er staðsett undir Eyjafjöllum í um það bil tveggja tíma akstri frá höfuðborgarsvæðinu. byggðasafnið er eitt það elsta á Íslandi og en það á sér rætur að rekja til ársins 1949 þegar það var fyrst opnað almenningi í Skógaskóla. Frumkvöðull að stofnun safnsins var Þórður Tómasson og stóð hann vakt safnvarðar um árabíl þó hann sé nú formlega hættur að starfa við safnið.

Árið 2002 opnaði Samgöngusafnið í nýju húsnæði fyrir aftan byggðasafnið en sú sýning er tileinkuð þróun samgangna og tækni á Íslandi. Á Samgöngusafninu er einnig sögð saga pósthjónustu, rafvæðingar og fjarskipta og þar er einnig veitingaaðstaða. Á byggðasafninu í Skógum hefur alltaf verið boðið upp á leiðsagnir fyrir gesti og gangandi og í dag er tiltölulega auðvelt að fá leiðsögn, gegn því að mætt er með hóp og að tími sé bókaður fyrirfram. Við ræddum við Þórð Tómasson sem er einn af frumkvöðlum byggðasafnsins í Skógum en í starfi sínu sem safnvörður var hann mjög ötull að taka hópa og safngesti í leiðsagnir um safnið.

Sena 3, viðtal við Þórð. Mögulega heima hjá honum eða á safninu, sitjandi viðtal, foreground, MS, reyna finna áhugavert (skot) í background. (hafa hann í einum helmingnum og background í hinum) Reyna að fá mikið af b-roll af honum

Spurningar fyrir Þórð:

Komdu sæll Þórður, hvernig hefuru það?

Nú varst þú einn af frumkvöðlum að stofna byggðasafn hér í Skógum en þú byrjaðir þó að safna munum fyrir stofnun safnsins, er það ekki?

Nú er skógasafn eitt vinsælasta safn landsins en hefur alltaf verið boðið upp á leiðsagnir á því formi sem þær eru á í dag?

Hvað finnst þér mikilvægt að komi fram í leiðsögn um söfn?

Er munur á leiðsögnum fyrir erlenda gesti og fyrir íslenska gesti?

En hvað með skólahópa, eru leiðsagnir öðruvísi fyrir þá?

Heldur þú að persónuleg leiðsögn hafi meira gildi en aðrar miðlunarleiðir á söfnum á borð við t.d. hljóðleiðsögn eða margmiðlun?

Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?

Sena 4, skot af skógasafni að utan, pan af torfbæjunum, skot af kirkjunni, pan af hinum húsunum

Voice over: Gestir Skógasafns árið 2014 námu um 62 þúsund sem gerir það að vinsælasta byggðasafni landsins. Til samanburðar má nefna að gestir Árbæjarsafns voru um 37 þúsund og gestir Byggðasafns

Skagfirðinga voru um 40 þúsund á sama ári. Við ræddum við Tinnu Kvaran sem er starfandi leiðsögumaður á Byggðasafninu í Skógum og spurðum hana meðal annars út í vinsældir safnsins.

Sena 5: viðtal við Tinnu. Sitjandi á stól fyrir aftan biblíur, myndavélin snýr í átt að útgang safnsins. MS. Kannski eftir lokun upp á hávaða að gera ef hún er til í það.

Spurningar fyrir Tinnu Kvaran:

Gætiru byrjað að segja aðeins frá þér og hvernig þú kemur að Byggðasafninu í Skógum?

Nú er Skógasafn eitt vinsælasta safn landsins, hvers vegna heldur þú að svo sé?

Er álag yfir háannatímann?

Hvað leggur þú áherslu á í þínum leiðsögnum?

Er munur á leiðsögnum fyrir erlenda gesti og fyrir íslenska gesti?

En hvað með skólahópa, eru leiðsagnir öðruvísi fyrir þá?

Er mikilvægt að hafa góða þekkingu á mörgum tungumálum í þessu starfi?

Hvar fer leiðsögnin fram?

Heldur þú að persónuleg leiðsögn hafi meira gildi en aðrar miðlunarleiðir á söfnum á borð við t.d. hljóðleiðsögn eða margmiðlun?

Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?

Sena 6:

Árbæjarsafn, þan af húsakostinum, skot af kirkjunni, þan af árbæ, nóg af skotum og pönnum, b-efni.

Voice over: Nú liggur leið okkar á Árbæjarsafn en það var fyrst opnað almenningi árið 1957 og tilgangur þess er meðal annars að varðveita og rannsaka menningarminjar í Reykjavík. Á þriðja tug húsa hafa verið flutt á Árbæjarsafn sem gefur gott innlit inn í byggingasögu Reykjavíkur. (Árbæjarsafn er hluti af borgarsögusafni Reykjavíkur ásamt Landnámssýningunni við Aðalstræti, Ljósmyndasafni Reykjavíkur, Sjóminjasafnið í Reykjavík og Viðey.) Árbæjarsafn styðst við margar miðlunarleiðir og á sumrin lifnar safnið við þegar starfsfólkið klæðir sig upp í íslenska þjóðbúninga og sýnir gestum vinnuaðferðir frá liðnum tímum. Á sumrin eru einnig húsdýr vistuð á safninu til að gefa betra innsýn inn í daglega líf bóndans fyrir nokkurm öldum. Að lokum er boðið upp á leiðsagnir allan ársins hring fyrir gesti safnsins. Við ræddum við Sigurlaug Ingólfsson sem hefur starfað sem leiðsögumaður á safninu um árabíl.

Sena 8: Viðtal við Sigurlaug, hann sitjandi í einhverju safnahúsinu á hljóðlátum stað, MS.

Spurningar fyrir Sigurlaug:

Hvað leggur þú áherslu á í þínum leiðsögnum?

Hvar fer leiðsögnin fram?

Er mikilvægt að hafa góða þekkingu á mörgum tungumálum í þessu starfi?

Heldur þú að persónuleg leiðsögn hafi meira gildi en aðrar miðlunarleiðir á söfnum á borð við t.d. hljóðleiðsögn eða margmiðlun?

Nú haldi þið húsdýr yfir sumartímann á Árbæjarsafni, geturu sagt mér aðeins frá þeim og telur þú að dýrin séu heppileg miðlunarleið?

Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?

Sena 9:

Landnámssýningin, þan af safnahúsinu, skot af sýningarglugganum, skot inn í móttöku, skot af munum, skálanum frá mörgum sjónarhornum, margmiðlunarskjáunum, snertiborðinu, „sýningartækinu“ í horninu.

Voice over: Við höldum okkur á Reykjavíkursvæðinu og förum næst á Landnámssýninguna. Einn helsti sýningargripur Landnámssýningarinnar er mjög heillegur víkingaskáli frá landnámsöld. Landnámssýningin er tiltölulega ný sýning en hún var opnuð almenningi árið 2006 í kjölfari þess að

skálarústir kom í ljós við fornleifauppgröft árið 2000. Miðlunarleiðir á sýningunni eru tiltölulega frábrugðnar hefðbundnum miðlunarleiðum en á landnámssýningunni er mikið stuðst við gagnvirka tækni og margmiðlun. Þar er líka boðið upp á hljóðleiðsögn en þó er hægt að sérpanta leiðsögn en yfir sumartímamann eru daglegar leiðsagnir fyrir gesti safnsins. Landnámssýningin hefur verið vel sótt og árið 2014 komu yfir 48 þúsund manns á safnið. Við ræddum við Jón Pál Björnsson sem er fræðslustjóri safnsins.

Sena 10. Viðtal við Jón Pál, reyna að finna hljóðlátan stað, jafnvel eftir lokun, ath. með það, MS.

Hverju er helst miðlað á safninu, þ.e.a.s. hvaða tímabil, árherslupunktur og samkvæmt hvaða heimildum?

Landnámssýningin er eitt vinsælasta safn/sýning á landinu, hversvegna telur þú að svo sé?

Nú eru fjölmargar miðlunarleiðir á Landnámssýningunni, það er að segja hljóðleiðsögn, gagnvirk margmiðlunartækni, hljóð og lykt í sjálfri sýningunni og loks er hægt að sérpanta leiðsögn. Telur þú að það sé gott að blanda saman mörgum miðlunarleiðum?

Hljóðleiðsögn er vinsælasta miðlunarleið safnsins, telur þú að hljóðleiðsögn sé heppileg leið til miðlunar á minja- og byggðasöfnum?

Hvert er þitt viðhorf til persónulegra leiðsagna um söfn, ef þú myndir skoða þann möguleika út frá kostum og göllum?

Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?

Sena 11. Byggðasafn Hafnarfjarðar

Pan af vesturgötunni, utan frá, innan frá. Skot af Beggubúð. Skot af bookless bungalow húsinu, pan af ljósmyndasafninu við strandstíginn, pan af gúttó- húsinu og skot.

Voice over: Síðasta safnið sem við ætlum að kanna er Byggðasafn Hafnarfjarðar. Það var stofnað árið 1953 og samanstendur af sex sögufrægum húsum sem hafa mótað sögu Hafnarfjarðar. Ásamt sýningarhúsunum er safnið með ljósmyndasýningu við strandstíginn meðfram höfninni. Einungis eitt hús hefur verið flutt af upprunalegum stað sínum en það er Beggubúð og var opnað til sýninga árið 2008. Safnið miðlar safnkosti sínum með texta og skýringamyndum og gefur gestum frjálsar hendur að skoða það á eigin hraða. Á safninu má einnig sjá mjög líflegar gínur sem lífga heldur betur upp á safnið. Við ræddum við Björn Pétursson, Bæjarminjavörð Hafnarfjarðar um safnið og miðlunarleiðirnar sem það býður upp á.

Sena 12. Viðtal við Björn Pétursson, bæjarminjavörð Hafnarfjarðar. T.d. í Sievertsenhúsinu eða á öðrum hljóðlátum stað. MS.

Nú er Pakkhúsið aðal sýning safnsins og hefur þrjár sýningar, geturu sagt okkur aðeins frá því og hinum sýningarhúsunum í stuttu máli?

Byggðasafn Hafnarfjarðar miðlar safnkosti sínum aðallega með textum og skýringarmyndum, hverjir heldur þú að kostir og gallar þess séu fram yfir aðrar miðlunarleiðir á borð við t.d. hljóðleiðsögn eða leiðsögn leiðsögumans um safn?

Gínur setja líka svip á safnið hérna, telur þú að þær séu heppileg miðlunarleið?

(Nú er hluti sýningarinnar einungis opinn yfir sumartímann en pakkhúsið og bookless bungalow húsið er opið um helgar allt árið um kring. Stendur til að breyta þessu í kjölfar þess að ferðamannastraumurinn til Íslands hefur verið að dreifast jafnt og þétt yfir allt árið?) ← kannski út fyrir efnið?

Hvert er þitt viðhorf til persónulegra leiðsagna um söfn, ef þú myndir skoða þann möguleika út frá kostum og göllum?

Er eitthvað sem þú vilt bæta við í lokin?

Sena 13.

Könnun og niðurstöður

Ég væri til í að senda út könnun til háskólanema (mætti vera víðar) og birta niðurstöður hennar á fyrir aftan fasta mynd (prósentur í kökuformi) af t.d. einhverju byggðasafni eða hlut, eins og oft er gert í fréttatímanum á rúv.

Voice over: Um miðjan febrúar senti ég út könnun á háskólanema á aldrinum 20-60? (kemur í ljós) ára og voru manns sem tóku þátt. Samkvæmt henni heimsækti úrtakið úr könnuninni byggðasöfn og sögusýningar að meðaltali sinnum á ári og ef þau fengu að velja um miðlunarleið þá myndu þau helst kjósa

Sena 14.

Niðurstöður

Nota b-roll af söfnunum og viðtölunum.

Voice over:

Eftir að hafa skoðað fjögur söfn með mismunandi miðlunarleiðum og tekið viðtöl við fjóra aðila innan safnagæirans kemur í ljós að leiðsögn virðist hafa ákveðna sérstöðu/enga sérstöðu á byggðasöfnum og sögusýningum. Ef við skoðum gestafjölda þessara safna árið 2014 kemur í ljós töluverður munur en ástæðan fyrir því getur verið vegna margra áhrifaþátta.

Sýna lista yfir gestafjölda nokkra minja- og byggðasafna á Íslandi. Eitt í einu, vinsælasta fyrst og koll af kalli

Voice over:

Staðsetning getur til dæmis skipt máli en vissulega líka viðmót starfsmanna safnsins, orðstír þess og miðlunarleiðir. Ekki er hægt að segja að skógasafn sé mest sóttu safnið á Íslandi árið 2014 einungis vegna leiðsagnanna sem boðið er upp á. Skógasafn er vinsæll áningastaður fyrir hópferðir en oftast ekki þurfa rútur fullar af erlendum ferðamönnum stoppa reglulega til að fólk geti létt af sér, fengið sér að borða og labbað um. Það er ein af ástæðunum fyrir vinsældum Skógasafns en á Samgöngusafninu á Skógum er veitingasala ásamt því að umhverfið í kring er ævintýralegt með Skógafoss sem blasir við túrhestum.

Sena 15.

Andri fyrir framan þjóðminjasafnið, MWS: Þar með lýkur þessari ferð okkar um miðlunarleiðir á byggðasöfnum og sögusýningum en það helsta sem kom í ljós var að

Könnun:

Spurningarnar væru á þennan hátt

1. Hversu oft heimsækir þú minja- og byggðasöfn árlega?
 - a. 0-1 sinni
 - b. 2-3 sinnum
 - c. 3-5 sinnum
 - d. 6-9 sinnum
 - e. 10 sinnum eða oftast
2. Hvernig miðlunarleið á minja- og byggðasöfnum myndir þú kjósa ef það væri valfrjálst?
 - a. Hljóðleiðsögn með heyrnatól
 - b. Leiðsögn leiðsögumanns um safnið
 - c. Með margmiðlun og gagnvirkri tækni, svo sem snertiskjám o.fl.
 - d. Fá frjálstar hendur til að labba um safnið og lesa af skýringaskiltum

- e. Veit ekki
3. Telur þú að leiðsögn leiðsögumanns um minja- og byggðasöfn hafi meiri gildi en aðrar miðlunarleiðir?
- a. Mjög sammála
 - b. Frekar sammála
 - c. Hvorki né
 - d. Frekar ósammála
 - e. Mjög ósammála
4. Hvert er aldursbilið þitt?
- a. 15-20
 - b. 20-25
 - c. 25-30
 - d. 30-35
 - e. 35-40
 - f. 40-45
 - g. 45-50
 - h. 50-55
 - i. 55-60
 - j. 60-65
 - k. 65 og eldri

Fleiri hugmyndir: Fá fólk til að tala um upplifun sína á leiðsögn þegar þau eru nýbúin í leiðsögn, miðað við aðrar miðlunarleiðir? Tala líka við gesti á minjasafni Hafnarfjarðar og Landnámssýningunni Gæti slitið flæðið í sundur (brýtur fjórða vegginn á vissan hátt en gæti verið áhugavert)

Viðauki II

Samkomulag um þátttöku í heimildamynd

Fyrirtækið **Heimildamaskínan** stefnir að því að framleiða heimildakvikmynd um miðlunaleiðir á Minja- og Byggðasöfnum í leikstjórn Andra Guðmundssonar.

Myndin er ætluð til sýninga í sjónvarpi, kvikmyndahúsum, á kvikmyndahátíðum, VOD, og til útgáfu á DVD/Blueray diskum (world release). Stefnt er að því að ljúka framleiðslu 2015 svo lengi sem nauðsynlegt fjármagn fæst til verksins.

Ég undirrituð/aður samþykki hér með að koma fram í slíkri kvikmynd og gef leyfi mitt til myndbirtingar á myndefni og hljóði í öllum miðlum (worldwide) sem verður tekið upp fyrir verk þetta. Ég gef einnig leyfi til þess að nafn mitt, ímynd mín og upplýsingar um feril minn, ef þess þarf með, megi nota í tengslum við kynningu og útgáfu á verkinu. Framleiðendur mega nota allt eða hluta af upptökunni. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra bera ábyrgð á verkinu og eiga af því útgáfurétt.

Þórunn Þórnasson 280421-2949
Nafn Kennitala

Stígum 11. júlí 2015.
Staður og dagsetning

Aðal Steinar Antonsson
Votti

Samkomulag um þátttöku í heimildamynd

Fyrirtækið **Heimildamaskínan** stefnir að því að framleiða heimildakvikmynd um miðlunaleiðir á Minja- og Byggðasöfnum í leikstjórn Andra Guðmundssonar.

Myndin er ætluð til sýninga í sjónvarpi, kvikmyndahúsum, á kvikmyndahátíðum, VOD, og til útgáfu á DVD/Blueray diskum (world release). Stefnt er að því að ljúka framleiðslu 2015 svo lengi sem nauðsynlegt fjármagn fæst til verksins.

Ég undirrituð/aður samþykki hér með að koma fram í slíkri kvikmynd og gef leyfi mitt til myndbirtingar á myndefni og hljóði í öllum miðlum (worldwide) sem verður tekið upp fyrir verk þetta. Ég gef einnig leyfi til þess að nafn mitt, ímynd mín og upplýsingar um feril minn, ef þess þarf með, megi nota í tengslum við kynningu og útgáfu á verkinu. Framleiðendur mega nota allt eða hluta af upptökunni. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra bera ábyrgð á verkinu og eiga af því útgáfurétt.

Tinna Kvaran

070476-5849

Nafn

Kennitala

SKÓGAR

11.02.2015

Staður og dagsetning

Samkomulag um þátttöku í heimildamynd

Fyrirtækið **Heimildamaskínan** stefnir að því að framleiða heimildakvikmynd um miðlunaleiðir á Minja- og Byggðasöfnum í leikstjórn Andra Guðmundssonar.

Myndin er ætluð til sýninga í sjónvarpi, kvikmyndahúsum, á kvikmyndahátíðum, VOD, og til útgáfu á DVD/Blueray diskum (world release). Stefnt er að því að ljúka framleiðslu 2015 svo lengi sem nauðsynlegt fjármagn fæst til verksins.

Ég undirrituð/aður samþykki hér með að koma fram í slíkri kvikmynd og gef leyfi mitt til myndbirtingar á myndefni og hljóði í öllum miðlum (worldwide) sem verður tekið upp fyrir verk þetta. Ég gef einnig leyfi til þess að nafn mitt, ímynd mín og upplýsingar um feril minn, ef þess þarf með, megi nota í tengslum við kynningu og útgáfu á verkinu. Framleiðendur mega nota allt eða hluta af upptökunni. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra bera ábyrgð á verkinu og eiga af því útgáfurétt.

Nafn Sigurlaugur Ingólfsson

Kennitala 250182-9819

Staður og dagsetning

Reykjavík 20. 2015

Samkomulag um þátttöku í heimildamynd

Fyrirtækið **Heimildamaskínan** stefnir að því að framleiða heimildakvikmynd um miðlunaleiðir á Minja- og Byggðasöfnum í leikstjórn Andra Guðmundssonar.

Myndin er ætluð til sýninga í sjónvarpi, kvikmyndahúsum, á kvikmyndahátíðum, VOD, og til útgáfu á DVD/Blueray diskum (world release). Stefnt er að því að ljúka framleiðslu 2015 svo lengi sem nauðsynlegt fjármagn fæst til verksins.

Ég undirrituð/aður samþykki hér með að koma fram í slíkri kvikmynd og gef leyfi mitt til myndbirtingar á myndefni og hljóði í öllum miðlum (worldwide) sem verður tekið upp fyrir verk þetta. Ég gef einnig leyfi til þess að nafn mitt, ímynd mín og upplýsingar um feril minn, ef þess þarf með, megi nota í tengslum við kynningu og útgáfu á verkinu. Framleiðendur mega nota allt eða hluta af upptökunni. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra bera ábyrgð á verkinu og eiga af því útgáfurétt.

Ólafur Þór Jónsson 250588-2029

Nafn

Kennitala

Reykjavík 15/02/15


Staður og dagsetning

Samkomulag um þátttöku í heimildamynd

Fyrirtækið **Heimildamaskínan** stefnir að því að framleiða heimildakvikmynd um miðlunaleiðir á Minja- og Byggðasöfnum í leikstjórn Andra Guðmundssonar.

Myndin er ætluð til sýninga í sjónvarpi, kvikmyndahúsum, á kvikmyndahátíðum, VOD, og til útgáfu á DVD/Blueray diskum (world release). Stefnt er að því að ljúka framleiðslu 2015 svo lengi sem nauðsynlegt fjármagn fæst til verksins.

Ég undirrituð/aður samþykki hér með að koma fram í slíkri kvikmynd og gef leyfi mitt til myndbirtingar á myndefni og hljóði í öllum miðlum (worldwide) sem verður tekið upp fyrir verk þetta. Ég gef einnig leyfi til þess að nafn mitt, ímynd mín og upplýsingar um feril minn, ef þess þarf með, megi nota í tengslum við kynningu og útgáfu á verkinu. Framleiðendur mega nota allt eða hluta af upptökunni. Framleiðendur eða fulltrúar þeirra bera ábyrgð á verkinu og eiga af því útgáfurétt.



Nafn

100562-4139

Kennitala



Staður og dagsetning

Viðauki III

Miðlunarleiðir á byggðasöfnum og sögusýningum

Ég heiti Andri Guðmundsson og er að senda út þessa könnun fyrir lokaverkefnið mitt í hagnýtri menningarmiðlun. Hún er örstutt og fjallar um hvaða miðlunarleiðir fólki finnst ákjósanlegastar á byggðasöfnum og sögusýningum.

Með fyrirfram þökk

Hversu oft heimsækir þú byggðasöfn og sögusýningar árlega?

- 0-1 sinni
- 2-3 sinnum
- 3-5 sinnum
- 6-9 sinnum
- 10 sinnum eða oftar

Hvernig miðlunarleið/ir á byggðasöfnum og sögusýningum myndir þú kjósa ef það væri valfrjálst?

Veljið mest fjóra möguleika

- Hljóðleiðsögn með heyrnatól
- Leiðsögn leiðsögumanns um safnið
- Með margmiðlun og gagnvirkri tækni, svo sem snertiskjám o.fl.
- Með leikrænni endursköpun á fortíðinni þar sem starfsmenn safnsins klæða sig upp í búninga frá tímum sem safnið sýnir
- Fá frjálssar hendur til að labba um safnið, lesa af skýringaskiltum og skoða skýringamyndir og muni
- Samanblöndu af mörgum miðlunarleiðum
- Veit ekki

Telur þú að leiðsögn leiðsögumanns um byggðasöfn og sögusýningar hafi meiri gildi en aðrar miðlunarleiðir?

- Mjög sammála
- Frekar sammála
- Hvorki né
- Frekar ósammála
- Mjög ósammála

Hver er aldur þinn? (í tölustöfum)

Er eitthvað annað sem þú vilt koma á framfæri varðandi efnið?

Viðauki IV

Upphaflegt Gantt rit

| | Janúar | Febrúar | Mars | Apríl | Maí |
|----|---|--------------------------------------|------------|------------------|---------------|
| 1 | | Upptaka | Greinagerð | Klára greinagerð | Lokafrágangur |
| 2 | | | | | |
| 3 | | | | | |
| 4 | | | | | |
| 5 | | | | | |
| 6 | | | | | |
| 7 | | | | | |
| 8 | | | | | |
| 9 | | | | | |
| 10 | | | | | |
| 11 | | Senda út könnun | | | |
| 12 | | Grófklipping | | | |
| 13 | | | | | |
| 14 | | | | | |
| 15 | Tala við söfn og finna viðmælendur | | Klipping | Ljúka klippingu | |
| 16 | | | | | |
| 17 | | | | | |
| 18 | | | | | |
| 19 | | Finna heimildir og skrifa greinagerð | | | |
| 20 | | | | | |
| 21 | Gera beinagrind að greinagerð og upptökuhandrit | | | | |
| 22 | | | | | |
| 23 | | | | | |
| 24 | | | | | |
| 25 | | | | Lokafrágangur | |
| 26 | Upptaka | | | | |
| 27 | | | | | |
| 28 | | | | | |
| 29 | | | | | |
| 30 | | | | | |
| 31 | | | | | |